



Andstæðingar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu létu reiði sína yfir ástandinu í ljós fyrir utan Hæstarétt Bretlands í gær. Afgerandi dómur Hæstaréttar um að Boris Johnson forsætisráðherra hafi brotið lög með því að senda þingið heim braut blað í breskri réttarsögu. Dómurinn þykir þungur fyrir Johnson, sem lagði mikið undir og tapaði. Hann þvertokur fyrir að segja af sér embætti vegna dómsins en líkur á nýjum kosningum hafa aukist til muna. Þingstörf munu halda áfram í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

MDE skoðar hlutabréfaeign dómara

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið fjárfestingarumsvif hæstaréttardómaranna Markúsar Sigurbjörnssonar og Árna Kolbeinssonar í aðdraganda falls bankanna 2008 til meðferðar. Biðlar til íslenska ríkisins og Ólafs Ólafssonar um að leita fyrst sátta.

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur tekið kæru Ólafs Ólafssonar, eins aðaleigenda Kaupþings, vegna fjárfestingarumsvifa tveggja hæstaréttardómara, þeirra Markúsar Sigurbjörnssonar, þáverandi forseta dómsins, og Árna Kolbeinssonar, í aðdraganda falls stóru bankanna til meðferðar.

Í bréfi sem dómstóllinn sendi til

málsaðila fyrir í þessum mánuði er farið þess á leit við ríkið hvort hægt sé að ná samkomulagi um sátt við Ólaf vegna dóms í Al-Thani málinu.

Þá hefur dómstóllinn beint þremur spurningum til íslenska ríkisins og Ólafs þar sem óskað er eftir skýringum er snúa að málinu, meðferð þess fyrir dómstólum og hver fjárfestingarumsvif þeirra dómara

sem dæmdu málið hafi verið í bönkunum. Náist ekki sættir milli málsaðila fyrir 2. desember næstkomandi mun Mannréttindadómstóllinn halda áfram með málið og taka það til frekari efnisméðferðar.

Þetta er í fyrsta sinn sem fjárfestingarumsvif hæstaréttardómara eru tekin til umfjöllunar fyrir dómstólum eftir að upplýst var um það

í fjölmiðlum, meðal annars Fréttablaðinu, í byrjun desember 2016 að þeir hefðu í mörgum tilfellum átt hlutabréf í bönkunum að andvirði margra milljóna króna.

Í máli Ólafs eru það Markús og Árni, sem dæmdu í Al-Thani málinu ásamt þremur öðrum, sem eiga hlut að máli vegna fjárhagslegra hagsmuna þeirra tengdra bönkunum.

Aðrir dómara áttu einnig hagsmuna að gæta vegna hlutabréfaeignar í bönkunum og dæmdu í málum tengdum bankahruninu. Ákvörðun Mannréttindadómstólsins um að taka mál Markúsar og Árna til skoðunar vegna fjárfestingarumsvifa þeirra kann því að hafa afleiðingar í öðrum sambærilegum málum. — hae / sjá Markaðinn

Tveir kvartað undan Haraldi

STJÓRNSÝSLA Tveir lögglumenn hafa kvartað undan einelti af hálfu Haraldar Johannessen ríkislög-reglustjóra, samkvæmt heimildum blaðsins. Kvartanirnar eru nú til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu.

Þá voru möguleg starfslok Haraldar rædd í sumar, þegar Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir hélt utan um dómsmálin, en samkomulag um starfslok varð að engu.

Dómsmálaráðherra fer á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í dag til að ræða mál ríkislög-reglustjóra.

— ósk / sjá síðu 4



Greinargerðin fór til yfirlestrar í ráðuneytum

DÓMSMÁL Þrjú ráðuneyti fengu greinargerð ríkislögsmanns í máli Guðjóns Skarphéðinssonar til yfirlestrar áður en hún var lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur. Greinargerðin var send til forsætisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Ráðherrar vissu af greinargerðinni í ráðuneytum sínum en fengu ekki kynningu á henni.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur ekki tjáð sig við fjölmiðla um málið frá því að Fréttablaðið greindi frá efni greinargerðarinnar síðastliðinn föstudag en hún er á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York.

— að / sjá síðu 2

Jafnaðu þig hjá Orkunni

Kolefnisjafnaðu aksturinn með Orkulyklinum

orkan.is ORKAN

FLOREALIS

Haltu þínu striki!

Harpatinum við gígatar- og liðverkljum. Bættir hreyfingu og dregur úr stíðleika.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki Viðurkennt af Lyfjastofnun


Októberfest

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Birtir til norðvestan- og vestanlands, en áfram dálitil væta sunnan- og austanlands. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast á Norðurlandi.
SJÁ SIÐU 16

Fleiri minskar og refir í borginni

MEINDÝR Óvenju mikið hefur verið um minnkun og refir á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri Meindýravarna Reykjavíkur, segir að 140 minskar hafi veidst á þessu ári en vanalega séu þeir um 80. Þeir haldi sig mestmegnis við sjóinn og ár.

„Refurinn er sífellt að venjast fólki og umferð og er rólegri,“ segir Guðmundur. „Hann sést töluvert í efri byggðum, Grafarholti, Úlfarsfelli og hefur sést við Korputorg. Það er óhjákvæmilegt að þetta komi upp þegar við færum okkur nær þeirra umhverfi.“ Bendir hann á að erlendis sjáist refir í stórborgum.

Minkurinn fer ekki ofan í vagna til að veiða fólk.

Guðmundur Björnsson, meindýraeyðir



Guðmundur segir minkinn drepa allt sem hann ræði við, fugla og fiska, en haldi sig frá fólki. Hafa sumir verið hræddir um að minkurinn klifri upp í barnavagna en Guðmundur segir engin dæmi um þannig slys. „Minkurinn fer ekki ofan í vagna til að veiða fólk. En ég skil vel að fólk vilji ekki hafa svona dýr nálægt sér,“ segir hann.

Fátítt er að minskar fari inn í hibiðli manna en það kemur þó fyrir. „Minkurinn hefur hefur hins vegar sótt í ruslakompur við hús sem standa nálægt sjónum.“

Guðmundur segir lítið hægt að gera til að verjast þessum dýrum. Minkinn sé þó hægt að veiða með löglegum gildrum og refurinn sé skotinn. „Við ráðleggjum fólki að hringja í meindýravarnir og tilkynna,“ segir hann og bendir á að þessi dýr geta bitað sé þeim ógnad.
– khg

Vettvangsferð í Laugardalinn

Farðu á frettabladid.is



Haustið er mætt og hversdagsleikinn alfarið tekinn við. Það þýðir að leikskólar og skólar eru aftur komnir á fullt. Gott og metnaðarfullt starf fer fram á leikskólum hér á landi, er því reglulega farið með börnin í vettvangsferðir í strætisvögnum. Passað er upp á að allir séu í gulum vestum og fylgi umferðarreglum. Í þetta sinn var ferðinni heitið í Laugardalinn. Sjá má á krökkunum að sumir eru þreyttari en aðrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kjaradeila BSRB við ríkið til sáttasemjara

KJARAMÁL Upp úr slitnaði í kjaraviðræðum BSRB við ríkið á fundi í gær og hefur formaður BSRB boðað samningseiningar bandalagsins til fundar í dag þar sem lagt verður til að kjaradeilunni verði vísað til ríkissáttasemjara.

Tilboð ríkisins miðaði við 40 stunda vinnuviku en að opnað verði á styttingu á einstökum stöðum gegn því að sleppa kaffitímum.

„Þetta er algjörlega óásættanlegt tilboð og sýnir að ríkið hefur ekki verið í kjarasamningsviðræðum af heilum hug,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB. – oæg



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

Sendi greinargerðina til þriggja ráðuneyta

Settur ríkislögmaður sendi greinargerð sína í máli Guðjóns Skarphéðinssonar til yfirlstrar í forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Ráðherrar vissu af henni í ráðuneytunum en fengu ekki kynningu á henni.

DÓMSMÁL Greinargerð setts ríkislögmanns í máli Guðjóns Skarphéðinssonar fór til yfirlstrar í þremur ráðuneytum, forsætis-, fjármála- og dómsmálaráðuneyti, áður en hún var lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur síðastliðinn fimmtudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fengu ráðherrar umræddra ráðuneyta upplýsingar um að greinargerðin hefði verið send ráðuneytunum en fengu ekki kynningu á efni hennar. Mun greinargerðin hafa verið í ráðuneytunum um tveggja vikna skeið áður en hún var lögð fram í héraðsdómi.

Efni greinargerðarinnar hefur vakið mikla reiði í samfélaginu, en í henni er farið fram á að ríkið verði sýknað af bótakröfu Guðjóns. Fullrytt er í greinargerðinni að krafa hans um bætur sé fyrnd, en hann hafi auk þess fyrirtæki bótarétti sínum þar hann hafi sjálfur stuðlað að því að rannsókn málsins fór í þann farveg sem endaði með sakfellingu hans, fyrst í Sakadómi og svo í Hæstarétti árið 1980.

Guðjón var, ásamt fjórum öðrum dómþolum, sýknaður af aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Hæstarétti fyrir ári. Meðal sterkustu röksemda fyrir endurpötu málsins voru sérfræðiskýrslur réttarsálfræðinga sem slógu því föstu að Guðjón hefði gefið falskar játningar í málinu. Í greinargerð setts ríkislögmanns er lögð áhersla á að sérfræðiskýrsla Gísla Guðjónssonar, auk annarra nýrra gagna í málinu sem aflað hefur verið á undanförunum árum, hafi ekki sönnunargildi í málinu, heldur beri að líta til málavaxtalýsingar dóms Hæstaréttar frá 1980.

Harðri gagnrýni hefur verið beint



Málið var fyrst dæmt í Hæstarétti 1980. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

» Efni greinargerðarinnar hefur vakið hörð viðbrögð í samfélaginu. Forsætisráðherra hefur ekki tjáð sig um málið frá því Fréttablaðið fjallaði fyrst um efni hennar í síðustu viku.

á stjórnvöldum og ekki síst Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra vegna þeirra viðhorfa sem lýst er í greinargerðinni, en ríkislögmaður er á málafnaforræði forsætisráðherra og heldur á sínum málatilbúnaði eftir fyrirmæli frá honum, lögum samkvæmt.

Katrín hefur ekki tjáð sig við fjölmiðla um málið frá því Fréttablaðið greindi frá efni greinargerðarinnar síðastliðinn föstudag en hún er



Andri Árnason settur, ríkislögmaður

á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York. Ekki liggur fyrir hvað er á bak við yfirlýsingar um sáttahug sem komið hafa frá ríkislögmanni og Stjórnarráðinu en allt stefnir í að leyst verði út bótakröfu Guðjóns og annarra aðila Guðmundar- og Geirfinnsmála fyrir dómstólum. Bótaréttur manns sem sýknaður er af sakargiftum sem hann hefur verið sviptur frelsi fyrir, er tryggður bæði í almennum lögum og stjórnarskrá. adalheidur@frettabladid.is

FLOREALIS



Haltu þínu striki!

Harpatinum við gigtar- og liðverkjum. Bætir hreyfigetu og dregur úr stíðleika.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Viðurkennt af Lyfjastofnun





RAFMAGNAÐIR
AKSTURSEIGINLEIKAR
CR-V HYBRID
- SEM HLEDUR SIG SJÁLFUR



HAGKVÆMNI SEM ÞÚ SÉRÐ

Upplifðu nútíma skilvirkni, án þess að takmarka akstursánægju þína. CR-V Hybrid framleiðir sitt eigið rafmagn; sjálfhleðsla, svo þú þurfir aldrei að stinga í samband. Skilvirkni CR-V Hybrid er ekki eingöngu mæld við bensindæluna, líka hvernig þú upplifir aksturseginnleikana. Sterk, en um leið létt bygging hans framkallar lipra og örugga aksturseginnleika og með háþrúðu fjöðrunarkerfinu verður aksturinn einstaklega þægilegur. Honda hefur framleitt Hybrid bifreiðar í meira en tuttugu ár - reynsla sem þú getur treyst á. CR-V Hybrid er með 5 ára ábyrgð á öllu Hybrid kerfinu frá framleiðanda, sem veitir þér hugarró, það er ávinningur að aka með tækni sem þú getur treyst.

OPÍÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535



HONDA



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Fox News biður Gretu Thunberg afsökunar á ummælum um geðbilun Bandaríska fréttastofan hefur beðið Gretu Thunberg afsökunar eftir að álitsgjafi sagði hana geðbilað sænskt barn.

2 Illugi Jökulsson kallar eftir afsögn Katrínar Rithöfundur kallar eftir afsögn forsætisráðherra í ljósi nýjustu vendinga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

3 Karlmaður braut kynferðislega á níu ára stúlku í Austurbæjarskóla Maðurinn var handtekinn en ekki ákærður. Stúlkann er nemandi í 5. bekk við skólann.

4 Meghan braut enn og aftur hefðir í Afríku Meghan Markle braut enn á ný gegn hefðum bresku konungsfjölskyldunnar í opinberri heimsókn.

5 Ómögulegt fyrir forsætisráðherra að þvo hendur sínar af málinu Helga Vala Helgadóttir, þingkona Samfylkingarinnar, segir forsætisráðherra ekki getað þvegið hendur sínar af málatilbúnaði ríkislögmans.

6 Vigdís vill svör vegna bílanna: „Er verið að fela þá?“ Oddviti Miðflokksins í Reykjavík er ósáttur við að bílar í eigu borgarinnar hafi staðið óhreyfðir í bílakjallara í Bryggjuhverfinu í marga mánuði.

Hafnar því að hafa brotið lög

STJÓRNSÝSLA Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, hafnar því að hafa brotið lög með því að synja beiðni Ólðu Vigdísar Skarphéðinsdóttur um breytta kynskráningu. Hún segir Þjóðskrár hafa starfað samkvæmt gildandi meginreglu.

Alda Vigdís reyndi að breyta skráningu á kyni sínu og nafni en fékk höfnun frá Þjóðskrár þrátt fyrir ný lög um kynrænt sjálfræði. Ástæðan er að hún er búsett í Þýskalandi.

„Forsætisráðherra og allir þeir sem unnu að þessu taka fram að lagabókstafurinn hafi verið fjarlægður til að koma einmitt í veg fyrir þetta,“ segir Alda. Hún hefur kært ákvörðunina. – **ilk**

Kvendómurum í Hæstarétti gæti fjölgað um helming

STJÓRNSÝSLA Átta sóttu um dómaraströðu sem er að losna í Hæstarétti en Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthiasson láta af störfum á næstunni.

Aðeins einn dómari verður skipaður í þeirra stað en það er liður í fækkun dómara við Hæstarétt. Eftir að Markús og Viðar hafa látið af störfum og nýr dómari hefur verið skipaður, verða dómaraströðu

» Af átta dómurum í Hæstarétti er aðeins ein kona. Helmingur umsækjenda eru konur.

Hæstarétt sjö eins og kveðið er á um í lögum.

Af þeim átta dómurum sem nú sitja í réttinum er aðeins ein kona, Gréta Baldursdóttir. Kynjahlutföll

meðal umsækjenda um stöðuna eru jöfn, fjórar konur og fjórir karlar.

Fimm umsækjenda eru dómaraströðu við Landsrétt, þau Ingveldur Einarsdóttir, Oddný Mjöll Arnardóttir, Sigurður Tómas Magnússon og Davíð Þór Björgvinsson. Tveir prófessorar við lagadeild Háskóla Íslands eru einnig meðal umsækjenda, þær Adalheiður Jóhannsdóttir og Ása Ólafsdóttir. Þá er

lögmaðurinn Guðni Á. Haraldsson meðal umsækjenda. Ingveldur Einarsdóttir hefur einn umsækjenda setið í Hæstarétti en hún var settur dómari við réttinn um nokkurra ára skeið vegna álags við dóminn í kjölfar efnahagsbrunsins.

Þótt ráðherra sé skylt að skipa hæfasta umsækjandann kann að vera að hann hafi val, verði fleiri en einn metnir öðrum hæfari. – **aa**

Tvær kvartanir vegna eineltis af hálfu ríkislögreglustjórans

Tvö mál er varða einelti ríkislögreglustjóra í garð sérveitarmanna hafa borist dómsmálaráðuneyti. Fréttablaðið hefur bréf sem dómsmálaráðherra sendi lögreglustjórum undir höndum þar sem hún segir rétt að lögreglan verði rekin sem ein heild. Ríkislögreglustjóra boðin starfslok í sumar, sem ekki varð af.

STJÓRNSÝSLA Að minnsta kosti tveir sérveitarmenn hafa kvartað undan einelti af hálfu Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kvartanirnar hafa borist alla leið inn í dómsmálaráðuneytið þar sem málin eru nú til skoðunar. Kvartanirnar snúa einkum að framkomu ríkislögreglustjóra í garð lögreglumanna sem um ræðir.

Þá voru möguleg starfslok Haraldar rædd í sumar, þegar Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir hélt utan um dómsmálin tímabundið, en samkomulag á milli hans og ráðuneytisins um starfslok varð að engu.

Málefni Haraldar og lögreglunnar voru til umræðu á fundi ríkisstjórnar í gærmorgun. Dómsmálaráðherra sagði að Haraldur ætlaði ekki að stíga sjálfur til hliðar, í samtali við fréttablaðið, að ríkisstjórnarfundinum loknum.

Í bréfi sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra, sendi lögreglustjórum allra níu lögregluumdæmanna í síðustu viku og varðar sívaxandi óánægju innan lögreglunnar, sem beinist sérstaklega að þætti ríkislögreglustjóra, segir að togstreita á milli manna hafi verið áberandi undanfarið. „Sérstaklega hefur verið bent á að staða embættis ríkislögreglustjóra sé ekki nógu skýr og að margþætt hlutverk hans beinlínis kalli á deilur og togstreitu, m.a. um reglur, fjármuni og mannafla,“ segir í bréfinu. Þar segir einnig að ráðherra telji það rétt að lögreglan í landinu verði í vaxandi mæli rekin sem ein samhent heild, „óháð því hvernig yfir-



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.



Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri.

» Í bréfi sem ráðherra sendi og Fréttablaðið hefur undir höndum segir að ráðherra telji rétt að lögreglan í landinu verði rekin sem ein heild.

stjórn hennar verður háttáð“.

Í bréfinu leggur ráðherra jafnframt mikla áherslu á að við vinnuna verði kortlagt í hvaða skrefum rétt kann að vera að gera

breytingar á skipulagi lögreglu og hvaða skref, ef einhver, væri unnt að stíga strax til að bregðast við þeim vanda sem nú er uppi. Ráðuneytið muni leita til forystumanna lögreglu og annarra sem málið varðar á komandi vikum. Í bréfinu er þess óskað að lögregluembættin verði ráðuneytinu innan handar í þeirri vinnu sem fram undan er.

Ljóst er að lögreglumenn um allt landið eru óánægðir með störf og í einhverjum tilfellum framkomu Haraldar, en í fyrradag lýstu átta af

níu lögreglustjórum yfir vantrausti á ríkislögreglustjóra – allir nema Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum. Landssamband lögreglumanna samþykkti einnig vantraust á Harald.

Ráðherra mun funda með lögreglustjórum, sérveitinni, öðrum lögreglumönnum og starfsmönnum löggæslunnar á næstu dögum og víðra hugmyndir sínar um sameiningu embætta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóra. **olof@frettabladid.is**



EIGUM BÍLA Á SÉRKJÖRUM TIL AFHENDINGAR STAX



RENAULT TRAFIC CREW-VAN
6 SÆTA/FARANGURSRÝMI, DÍSIL, BEINSKIPTUR
Listaverð: 5.590.000 kr.
TILBOÐ: 3.830.645 kr. án vsk.
TILBOÐ: 4.750.000 kr. m. vsk.



RENAULT MASTER DOUBLE CAB
7 SÆTA/PALLBÍLL, DÍSIL, BEINSKIPTUR
Listaverð: 5.519.000 kr.
TILBOÐ: 3.782.258 kr. án vsk.
TILBOÐ: 4.690.000 kr. m. vsk.



RENAULT KANGOO EV
100% RAFBÍLL, SJÁLFSKIPTUR
Listaverð: 4.190.000 kr.
TILBOÐ: 3.560.000 kr.

Renault gengur í öll verk með rétta bílinn. Hvort sem þig vantar langan 6 manna, 7 manna pallbíl fyrir vinnuflokkinn eða snarpan og rúmgóðan rafbíl í útköllin. Komdu og veldu þér vinnufélaga.

BL ehf Sævarhóða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is 

Jeep
THERE'S ONLY ONE

jeep.is

ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



**GRAND CHEROKEE
MED 35" BREYTINGU**

**JEEP® GRAND CHEROKEE
FÁANLEGUR MED 33" EÐA 35" BREYTINGU**

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250HÖ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÖDRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI

VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.



RAM

ramisland.is

RAM 3500



**RAM 3500 LIMITED
MED 37" BREYTINGU**

**BJÓÐUM UPP Á 37" - 40"
BREYTINGARPAKKA**

**RAM 3500 VERÐ FRÁ
6.967.745 KR. ÁN VSK.
8.640.000 KR. M/VSK.**

 **ISBAND**

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Trump þrýsti á Zelensky að rannsaka Joe Biden

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur viðurkennt að hafa þrýst á stjórnvöld í Úkraínu að rannsaka Joe Biden, mögulegt forsetaefni Demókrata á næsta ári. Eru Demókratar á þingi að íhuga að kæra forsetann fyrir embættisbrot. Málið snýst um samtöl sem Trump átti við Volodymyr Zelensky, forseta Úkraínu, í júlí síðastliðnum.

Joe Biden, fyrrverandi varforseti Bandaríkjaanna.



„Það var þrýstingur varðandi Joe Biden. Hvað Biden gerði fyrir son sinn, það væri eitthvað sem þeir ættu að skoða,“ sagði Trump við blaðamenn í gær. Demókratar hafa bent á að samtalið hafi átt sér stað stuttu eftir að Trump hélt eftir rúmu 400 milljóna dollara framlagi til hernaðarmála í Úkraínu, vilja þeir meina að Trump hafi verið að nota féð til að fá Úkraínu til að rannsaka pólitískan andstæðing sinn heima fyrir.

Hvíta húsið hefur neitað að opinbera efni samtalsins. – ab



Dómur Hæstaréttar Bretlands í gær er þungur fyrir Boris Johnson forsætisráðherra og ríkisstjórn hans. Að senda þingið heim í fimm vikur var storkun. Forsætisráðherrann lagði mikið undir og tapaði. NORDICPHOTOS/GETTY

Boris og Brexit bíða hnekki í Hæstarétti

Með afgerandi dómi Hæstaréttar þykir brotið blað í breskri réttarsögu. Boris Johnson þvertur fyrir að segja af sér embætti vegna dómsins. Líkur á nýjum kosningum hafa aukist til muna. Þingstörf munu halda áfram í dag.

BRETLAND Hæstiréttur Bretlands tók í gær mjög afgerandi afstöðu til fimm vikna þingfrestunar Boris Johnson þann 28. ágúst og úrskurðaði hana ólögmaeta. Þingið hafi þannig ekki getað sinnt skyldum sínum. Málið var tekið fyrir hjá Hæstarétti eftir að dómstóll í Skotlandi úrskurðaði um ólögmaetai ákvörðunarinnar fyrir skemmstu en dómstóll á Englandi hafði vísað sams konar máli frá.

Málflutningur Hæstaréttar tók þrjú daga og niðurstaða ellefu dómara var samhljóða. Brenda Hale, forseti Hæstaréttar, sem las upp úrskurðinn, sagði að um væri að ræða grundvallaratriði í bresku lýðræði. Næstu skref væru í höndum þingsins. Þar sem óheimilt hefði verið að fresta þinginu þyrfti ekki að kalla til drottningu til að setja nýtt þing.

Í kjölfarið á úrskurðinum tilkynnti John Bercow þingforseti að þingstörfum yrði haldið áfram í dag. Þingforsetinn sagði dóminn ótvíræðan. Það hefði verið lögbrot að hindra þingið í að gegna skyldum sínum.

Bercow hnykkti á þessu því það er lykilatriði að þingstörf halda áfram; þingrof fyrir stefnuræðu felur í sér að mál í meðferð þingsins detta upp fyrir. Og þau komast ekki aftur á dagskrá nema að vera formlega sett á dagskrá.

Niðurstaða Hæstaréttar Bretlands um ákvörðun forsætisráðherra er fordæmalaus og þykir brjóta blað í breskri réttarsögu. Þung orð dómsins, auk einróma niðurstöðu, getur einungis þýtt mikil vandræði fyrir forsætisráðherrann. Að senda þingmenn heim var storkun. Boris Johnson sem forsætisráðherra lagði mikið undir og hann tapaði.

Boris Johnson var heitt í hamsi þegar hann fékk fréttirnar af úrskurðinum en hann var þá staddur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. „Ég er algjörlega mótfallinn ákvörðun Hæstaréttar. Ég ber fulla virðing

» Niðurstaða Hæstaréttar Bretlands um ákvörðun forsætisráðherra er fordæmalaus. Þung orð dómsins, auk einróma niðurstöðu, getur einungis þýtt mikil vandræði fyrir forsætisráðherrann.

fyrir dómskerfi okkar en ég tel að þetta hafi ekki verið rétta ákvörðunin og ég held að þingfrestun hafi verið notuð um aldir án andstöðu sem þessarar,“ sagði hann. „Það er til fullt af fólki sem vill stoppa útgönguna úr Evrópusambandinu og hún verður ekki auðveldari með þessum atburðum í þinginu og dóm-sölum.“ Ítrekaði hann loforð sitt um að koma Bretlandi úr Evrópusambandinu þann 31. október.

Leiðtogar stjórnanarandstöðuflokkanna voru hvassyrtingir eftir að úrskurðurinn lá fyrir og kröfðust þess að Boris Johnson segði af sér embætti. „Þetta er sögulegasti dómsúrskurður ævi okkar. Forsætisráðherrann braut lög,“ sagði Nicola Sturgeon, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins. „Ef hann er ekki tilbúinn til að gera það heiðarlega í stöðunni, að segja af sér, þá ætti þingið að þvinga hann úr embætti.“ Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, sakaði forsætisráðherrann um að vanvirða lýðræðið. Það myndi flokkur hans aldrei gera.

Jo Swinson, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, tók í sama streng. „Boris Johnson reyndi að þagga niður í þinginu, þagga niður raddir almennings, af því að hann vill ekki gangast við ábyrgð og svara spurningum um hræðilega útgöngustefnu sína. Hann var tilbúinn að narra drottninguna og alla þjóðina og ætti að segja af sér,“ sagði hún.

Boris Johnson þvertur fyrir að segja af sér embætti vegna dómsins. Hann hefur ákveðið að hraða heimferð sinni til Bretlands.

Málið þykir mikill sigur fyrir Ginu Miller sem hefur með 70 þingmönnum leitt baráttuna gegn Brexit og farið með málið fyrir enska og skoska dómstóla. Naut Miller þar stuðnings Johns Major, fyrrverandi forsætisráðherra.

Hvernig Boris Johnson og stjórn hans bregðast við þessu er óljóst á þessu stigi. Stjórnmalaskýr-endur hafa rætt þann möguleika að Johnson reyni aftur að fresta þinginu þar sem Hæstiréttur hafi ekki svipt embættið þeim rétti, aðeins skert hann. En líklegt er að drottningin myndi ekki fallast á slíka frestun.

Niðurstaða Hæstaréttar spilar einnig inn í viðtækari stjórnmála-átök í Bretlandi. Boris Johnson og fylgismenn hans hafa lýst þingmönnum, stórfyrirtækjum, stórum hluta fjölmiðla og nú dómsvaldinu sem hörðum andstæðingum Brexit. Hæstiréttur neitar slíkum ásökunum. Forseti Hæstaréttar sagði að ákvörðunin snérist um heimildir ríkisstjórnarinnar en ekki Brexit.

Hvaða áhrif þetta mun hafa á útgöngu Breta úr Evrópusambandinu veltur á því hvort Boris Johnson muni ná samningi á leiðtogafundi sambandsins 17. - 18. október. Hann mun þurfa stuðning meirihluta þingmanna við samninginn.

En það er ljóst að sú áætlun Boris Johnson að keyra Bretland út úr Evrópusambandinu án samnings 31. október án afskipta þingsins hefur beðið mikinn hnekki. Að auki verður mun erfiðara fyrir forsætisráðherrann að hansa nýsamþykkt lög sem kveða á um frestun útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu ef samningar næst ekki á leiðtogafundi sambandsins.

Eftir dómsniðurstöðuna í gær er ljóst að líkur á nýjum kosningum í Bretlandi hafa aukist til muna.

david@frettabladid.is

Sparaðu
tíma og fyrirhöfn

1.598 kr./stk.

Foreldað
Aðeins að hita

Bónus Súpur
1-1,2 kg, 5 tegundir

BONUS **EKKERT BRUÐL**

MEIRA AF HREINNI JÓGÚRT
gottimatinn.is

GOTT Í MATINNI

HREIN JÓGÚRT


+PLÚS



Chili-áts keppni í kínversku-borginni Hangzhou. Ferðamenn flyktust að í sundlaug fyllta með pipruðum belgjum og belgdu sig út. NORDICPHOTOS/GETTY



Warner Bros og DC Comics héldu upp á Batman-daginn með hlaupi sem fram fór í Los Angeles. Aðdáendur í fullum skrudá vængjuðu hetjunnar reyndu sig við 5 kílómetra hlaup. Hetjan fagnar 80 ára afmæli í ár. NORDICPHOTOS/GETTY



Jakkafataklæddur maður með rauðan hanakamb var á leiðinni á flokksþing breska Verkamannaflokksins í Brighton. NORDICPHOTOS/GETTY



Ferðamenn á vegum ferðaskrifstofunnar Thomas Cook á leiðinni til Lundúna frá Túnis þurftu að bíða í löngum röðum á Enfidha Hammamet-flugvöllinum, náði röðin alla leiðina út úr flugstöðinni. Í kjölfar gjaldþrotsins voru leigðar vélar til að koma öllum heim. NORDICPHOTOS/GETTY



Amit Shah, innanríkisráðherra Indlands, var fagnað í Mumbai. Shah hefur nýlega talað gegn forsætisráðherra landsins og kennt honum um ástandið í Kasmír. Shah vill afnema þann hluta stjórnarskrárinnar sem gefur Kasmír sérstakan sess innan landsins. NORDICPHOTOS/GETTY

**FRÁBÆR
AFMÆLISTILBOÐ**

Gilda til 1. október 2019

Loftljós Brant hvítt



Verð áður 8.990 kr.
Tilboð: 6.000 kr.

Ljósakróna Sovana svört



Verð áður 49.900 kr.
Tilboð: 37.900 kr.

Ljósakróna Elektra



Verð áður 39.900 kr.
Tilboð: 25.900 kr.

Soho veggjljós



Verð áður 38.900 kr.
Tilboð: 29.000 kr.

Ljósakróna Wheel svört



Verð áður 75.900 kr.
Tilboð: 58.900 kr.

Ljósakróna Amber Milano



Verð áður 45.990 kr.
Tilboð: 32.900 kr.

Almannatengsl í þágu þjóðar



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Ber er hver að baki nema sér almannatengil eigi. Þannig er að minnsta kosti tíðarandinn í íslensku stjórnkerfi. Enginn er maður með mönnum nema með að minnsta kosti einn upplýsingafulltrúa sér við hlið. Þannig voru fjórir blaðafulltrúar á hvern blaðamann í Bandaríkjunum árið 2012 og í fyrra voru þeir orðnir sex. Sama staða er uppi í Bretlandi þar sem um þrjú þúsund manns starfa við upplýsingagjöf með einum eða öðrum hætti fyrir ríkisstjórnina þar í landi. Þótt engin sérstök greining hafi farið fram hér á landi er ekki ólíklegt að svipað sé upp á teningnum hér.

Tregða stofnana við að upplýsa um brýn mál er orðin að sérstakri meinsemd í íslensku samfélagi. Oft þurfa blaðamenn að gera hlé á fréttaflutningi vegna tregðunnar til að veita sjálfsagðar upplýsingar. Fjölmíðlar þurfa svo að ráðstafa tíma og fjármunum sem víða eru ekki til, til þess að stofna til málareksturs í þeim tilgangi að nálgast upplýsingar sem klárlega eiga erindi við almenning.

Upplýsingalög voru sett árið 1996 og síðar breytt árið 2012 með það að markmiði að styrkja möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, styrkja fjölmiðla og almenning til að veita stjórnvöldum aðhald og styrkja möguleika fjölmiðla á að miðla upplýsingum um opinber málefni. Þrátt fyrir það hefur upplýsingaflæði ekki aukist, nema síður sé.

Það heyrir til undantekninga að fá viðtöl við opinbera starfsmenn vandkvæðalaust, því helst vilja þeir allir fá spurningarnar skriflegar, vita skuld í gegnum fjölmiðlafulltrúann, sem reynir að ákveða hvað eigi erindi í fjölmiðla og hvað ekki. Samhliða þessu hrúgast inn mál á borð úrskurðarnefndar upplýsingamála, svo mjög að það getur tekið allt að ár að fá úrskurð frá nefndinni.

Þessi þróun er áhugaverð og enn áhugaverðara er að fylgjast með afstöðu stofnana hverju sinni, eftir því hvaða PR-maður er við stjórnvölinn. Það kom til að mynda nýverið í ljós þegar ákveðin stofnun sem kennir sig við samkennd, en fer nú líklega að verða þekktust fyrir að kveða kynferðisbrot í kútinn, sýndi loks samkennd þegar hún sendi fjölmiðlum óumbeðna yfirlýsingu þar sem hún sagðist ídrast gjörða sinna og badst afsökunar á að hafa ekki hlustað á fimm konur sem kærðu sóknarprest fyrir kynferðisbrot árið 2017. Skemmst er frá því að segja að nýr samskiptastjóri tók til starfa hjá stofnuninni í síðasta mánuði. Vonandi er kirkjan að læra, en sennilega er nýr talsmaður farinn að leggja hæstráðendum línurnar.



Það heyrir til undantekninga að fá viðtöl við opinbera starfsmenn vandkvæðalaust.

Halldór



Frá degi til dags

Skipulagsbreytingar
Allir bíða nú eftir því hvað dómsmálaráðherra hyggst gera til að lægja öldurnar í kringum ríkislögreglustjóra. Á meðan ríkislögreglustjóri sjálfur svarar engu hefur ráðherra gefið út að hann vilji ekki fara neitt og að unnið sé í „skipulagsbreytingum“. Hann á tvö ár eftir í eftirlaun og það yrði dýrt að borga hann út. Það er spurning hvort komið verði upp einhverri skipulagsbreytingafléttu, í anda þeirrar sem skilaði ríkislögreglustjóra í sína stöðu fyrir meira en tveimur áratugum, þar sem eftirmaður fær öll völdin og sá gamli fær að bíða eftir eftirlaunum valdalaus uppi á kontór.

Sumt bákn burt
Miðflokkurinn ætlar að halda áfram að þjarma að Sjálfstæðisflokknum með því að taka upp gamla slagorð flokksins „Bákníð burt“. Á meðan það er vissulega ánægjulegt að stjórnálmenn þori að fara í róttækar breytingar á íþyngjandi regluverki verður að segjast að það skýtur dálítið skökku við að það sé flokkur sem er ekki mjög hrifinn af róttækum breytingum yfirleitt. Þegar kemur að einstökum dæmum þar sem einkaaðilar geta vel tekið við hlutverkum ríkisins, eins og tilfellum þjóðkirkjunnar og ÁTVR, þá hefur Miðflokkurinn staðið þéttur að baki bákninu. Spurning hvort slagorðið ætti þá ekki að vera „Sumt bákn burt“?
arib@frettabladid.is

Ríkislögreglustjórinn



Kolbeinn Öttarsson
Proppé
þingmaður
Vinstri grænna

Ríkislögreglustjóri hefur, með orðum sínum og gjörðum, komið sér í þá stöðu að hann nýtur ekki lengur trausts í embætti. Það sýna samþykktir fagfélaga innan lögreglunnar. Haraldur Johannessen hefur gegnt stöðunni í rúma tvo ára-tugi og nú er svo komið að hann nýtur ekki lengur trausts. Það kallar á aðgerðir.

Lögreglan gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Til hennar verður að ríkja traust og þau sem þar starfa verða að treysta hvert öðru og því kerfi sem þau starfa innan. Það að ríkislögreglustjóri lýsi því yfir í viðtali að innan lögreglunnar ríki spilling á eitt og sér að kalla á að hann verði látinn standa fyrir máli sínu. Ef hann getur ekki sýnt fram á dæmi, máli sínu til stuðnings, er yfirlýsingin þess eðlis að honum er ekki sætt í starfi eftir hana.

Hvað hefur breyst?

Í því ljósi er athyglisvert að rifja upp viðtal við Harald í Fréttablaðinu frá 2016. Þar segir hann:

„Ég er búinn að vera ríkislögreglustjóri í átján ár. Á ferlinum hef ég ekki upplifað mörg spillingsmál. Það eru örfá mál þar sem lögreglumenn hafa misst tök á sjálfum sér. Þau mál hafa yfirleitt komið upp vegna innra eftirlits. Það eru engir lögreglustjórar sem líða það að spilling líðist innan síns embættis.“

Hvað hefur breyst á þessum þremur árum að nú telji Haraldur að spilling ríki innan lögreglunnar? Því getur hann einn svarað, enda ber hann sjálfur ábyrgð á eftirliti með innri málum lögreglunnar.

Haraldur virðist ekki gera sér ljósa þá ábyrgð sem á honum hvílir sem ríkislögreglustjóra. Staðan virðist öllum öðrum að kenna, ekki honum. Ef ríkislögreglustjóri tæki sína ábyrgð alvarlega mundi hann stiga til hliðar á meðan stjórnsluúttekt fer fram. Skapa frið, það hlýtur að vera hlutverk hvers sem gegnir embættinu. Ef hann er ekki fær um að taka þá ákvörðun sjálfur á dómsmálaráðherra að taka hana fyrir hann.



Ef ríkislögreglustjóri tæki sína ábyrgð alvarlega mundi hann stiga til hliðar á meðan stjórnsluúttekt fer fram.

EITT LANDSINS
MESTA ÚRVAL
AF PERUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | Sími: 585 2888

Hjallastefnan í þrjá áratugi



Þórdís Jóna Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar



Við þau tímamót sem nú eru við 30 ára afmæli Hjallastefnunnar er tilefni til að óska frumkvöðlinum Margréti Pálu Ólafsdóttur til hamingju.

Þann 25. september árið 1989 tók Margrét Pála Ólafsdóttir við rekstri leikskólans Hjalla í Hafnarfirði og markaði það upphafið að starfsemi Hjallastefnunnar. Hjallastefnan fagnar því 30 ára afmæli. Fjöldi starfsfólks á Hjalla var á þeim tíma líðlega tuttugu og nemendurnir á fjórum leikskóla-deildum en Hjalla var ætlað að verða fjölmennasti leikskóli landsins sem hann og varð. Frá upphafi var sýnin fyrir nýjan skóla skýr og einföld. Hún var sú að tryggja skyldi að hverju einasta barni liði vel í skólanum. Hjallastefnan setti sér því snemma meginreglur sem enn þann dag í dag marka allt skólastarfið þar sem jafnrétti er grunnstefið í allri nálgun í starfseminni. Lyðræði meðal barna og starfsfólks er í hávegum haft og kraftur sköpunar er nýttur börnunum til handa.

Meginreglurnar sex

Hjallastefnan byggir á 6 meginreglum sem hafa það markmið að byggja upp jákvæða og kærleiksrika skólamenningu en mikilvægasta meginreglan er þó sú að mæta skuli hverju barni eins og það er og af virðingu ásamt því sem Hjallastefnan viðurkennir ólíkar þarfir aldursþópa, kynja og einstaklinga. Önnur

meginregla er sú að stuðla skuli að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks og í öllum samskiptum við börn, foreldra og aðra sem koma að málefnum skólans. Þá hefur Hjallastefnan jafnframt barist fyrir jafnræði meðal skóla landsins þegar kemur að opinberum fjárframlögum og að allir foreldrar njóti valfrelsis um skóla þegar kemur að uppeldi og menntun barna, óháð fjárhagsstöðu. Þá er valdefling kvenna enn fremur eitt af leiðarljósum Hjallastefnunnar enda var skólinn stofnaður af konu, allur reksturinn er í höndum kvenna, nær allir stjórnendur eru konur, meirihluti eiganda eru konur og starfsfólk leik- og grunnskóla er að meirihluta konur.

Sautján skólar Hjallastefnunnar

Hjallastefnan skilgreinir sig sem félag á sviði uppeldis og menntunar á leik- og grunnskólastigi, en alls starfrækir skólinn fjórtán leikskóla á landinu í tíu sveitarfélögum, sex á höfuðborgarsvæðinu, þrjá í Reykjanesbæ, og einn í Suðurnesjabæ (Sandgerði) auk fimm leikskóla á landsbyggðinni; Skagaströnd, Ísafirði, Akureyri, Bifröst í Borgarfirði

og Vestmannaeyjum. Einnig rekur Hjallastefnan þrjá grunnskóla í þremur sveitarfélögum fyrir börn á aldrinum 5 – 10 ára; Barnaskólinn í Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði.

Hjá Hjallastefnunni starfa um 450 manns og nemendur eru um 1.800 talsins. Samkvæmt lista Frjálsar verslunar yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins er Hjallastefnan númer 40 þegar kemur að fjölda starfsfólks og í sæti 150 þegar miðað er við fjárhagslega veltu. Það hefur því mikið vatn runnið til sjávar á 30 ára sögu Hjallastefnunnar.

Hjallastefnan í Skotlandi

Hjalli-model er systurfyrirtæki Hjallastefnunnar sem rekið hefur skólann Elmwood í Glasgow í eitt ár. Skólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði Hjallastefnunnar og hafa skoskir foreldrar og börn tekið þessum nýja valkosti opnum örmum enda gengur reksturinn vonum framár. Þess má enn fremur geta að rúmlega 270 gestir á vegum erlendra fjölmiðla og fagfólks víða að úr heiminum heimsóttu skóla Hjallastefnunnar hér á landi á síðasta skólaári og ber fjöldinn vott um áhuga og aukna eftirspurn eftir nýjum hugmyndum í skólastarfi. Til okkar streyma reglulega gestir úr öllum heimsálfum og hafa margir gert skólastarfinu góð skil í fjölmiðlum. Við þau tímamót sem nú eru við 30 ára afmæli Hjallastefnunnar er tilefni til að óska frumkvöðlinum Margréti Pálu Ólafsdóttur, stofnanda Hjallastefnunnar, til hamingju með afraksturinn og um leið framsýni hennar í skóla- og menntunarmálum í þágu æsku landsins.

Metnaðarfull aðgerðaráætlun í jarðarmálum



Lineik Anna Sævarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins

Eitt af forgangsmálum þingflokks Framsóknar á þessi þingi er þingsályktun um aðgerðaráætlun í jarðarmálum. Tillagan er í sjö liðum en henni er ætlað að styrkja lagaumgjörð og reglur í tengslum við ráðstöfun og nýtingu auðlinda hér á landi. Markmiðið er að skapa fleiri tækifæri til heilsársbúsetu í dreifbýli, fjölbreyttrar sjálfbærrar landnýtingar og matvælaframleiðslu í landinu. Tillagan rímar því vel við markmið ríkisstjórnarinnar um að finna leiðir til að setja skilyrði um kaup á landi út frá byggðarsjónarmiðum og umgengni um auðlindir.

Miklir almannahagsmunir í húfi

Það er ekki ofsögum sagt að land er takmörkuð auðlind. Það á við um landið sjálft, jarðvegin og gróðurinn. Landi geta fylgt verðmætar auðlindir á borð við veiði- og vatnsréttindi. Þess vegna geta ekki gilt sömu reglur um kaup og sölu á landi eins og hverri annarri fasteign. Með því að samhæfa lög, reglur og verklag geta stjórnvöld markað skýra stefnu í ráðstöfun

lands nú og til framtíðar. Flutningsmenn tillögunnar leggja m.a. til að gerð verði krafa um að kaupandi lands búi á Íslandi, hafi búið þar í a.m.k. fimm ár eða hafi starfsemi í landinu. Áhersla er lögð á að tilgangur jarðakaupanna þurfi að vera skýr, t.d. vegna landbúnaðar, menningarverðmæta og náttúruverndar. Einnig þarf að tryggja með lögum að tekjur af jörðum og hlunnindum skili sér til nærsamfélagsins.

Erlendar fyrirmyndir

Í núverandi lagaumhverfi geta rúmlega 500 milljón manns keypt land og aðrar fasteignir hérlendis með sömu skilyrðum og íslenskir ríkisborgarar. Meiri skorður eru settar á ráðstöfun fasteigna og aðilaskipti í Danmörku og Noregi en hér á landi. Í Danmörku gildir t.d. sú meginregla að einstaklingar sem ekki eru heimilisfastir í landinu eða hafa áður búið þar í a.m.k. fimm ár þurfa að fá leyfi frá dómsmálaráðuneytinu til að geta eignast fasteignaréttindi í landinu. Ein af tillögum flutningsmanna er að jarðakaup verði leyfisskyld. Þannig yrði hægt að tryggja nauðsynlega aðkomu ríkis og sveitarfélaga að eigendaskiptum jarða til að fylgja eftir lögum, reglum og ákvæðum aðal-, svæðis- og deiliskipulaga. Það hefur ríkt ákveðið kæruleysi í þessum málum síðastliðin ár. Með aðgerðaráætluninni er ætlunin að ráða bót á því.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



RANGE ROVER
Autobiography 3.0 TDV6
Nýskr. 6/2018, ekinn 26 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 18.990.000 kr.
Rnr. 420223.



RANGE ROVER VELAR S
Nýskr. 2/2019, ekinn 2 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 10.990.000 kr.
Rnr. 420114.



LAND ROVER
Discovery 5 HSE 240D
Nýskr. 8/2018, ekinn 9 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 12.990.000 kr.
Rnr. 145994.



JAGUAR F-PACE
R sport 240D
Nýskr. 6/2017, ekinn 60 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.990.000 kr.
Rnr. 153725.



PORSCHE CAYENNE S
e-hybrid
Nýskr. 1/2017, ekinn 24 þús. km,
bensín, rafmagn.
Verð 9.490.000 kr.
Rnr. 392121.



RANGE ROVER SPORT
HSE Dynamic 3.0 SDV6
Nýskr. 1/2016, ekinn 58 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 10.890.000 kr.
Rnr. 103888.



AUDI SQ5 TDI
Nýskr. 5/2015, ekinn 54 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.890.000 kr.
Rnr. 420171.



LAND ROVER Discovery 5
HSE Luxury 3.0 TDV6
Nýskr. 6/2017, ekinn 57 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 11.990.000 kr.
Rnr. 420196.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Hefur upplifað súrrealískar aðstæður

Það er vægt til orða tekið þegar sagt er að fyrstu vikurnar hjá Arnari Grétarssyni í starfi sem þjálfari karla-liðs Roeselare í knattspyrnu hafi verið viðburðaríkar. Málin hafa þróast í rétta átt síðustu dagana og lífið hjá félaginu komið í eðlilegan farveg á nýjan leik.

FÓTBOLTI Á þeim tæpu tveimur mánuðum sem Arnar hefur verið hjá félaginu hefur það verið úrskurðað gjaldþrota og tapað þremur stigum út af því og hann fékk til liðs við sig 16 nýja leikmenn eftir að hann tók við stjórnartáumunum. Þá kippti tilsjónarmaður með hinu gjaldþrota félagi liðinu aftur um áratugi hvað tæknimál varðar og niður á áhugamannsvið hvað aðstöðumál varðar.

Þrátt fyrir þetta er Arnar bjartsýnn á komandi tíma en er raunsær hvað það varðar að hann áttar sig á



Arnar Grétarsson hefur þurft að vinna við ansi erfiðar aðstæður fyrstu tvo mánuðina tæpa í starfi sem þjálfari hjá Roeselare. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Ráðstefna um konur og siglingar Hvað er svona merkilegt við það?

Alþjóðasiglingadagurinn er í ár helgaður konum. Af því tilefni standa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Siglingaráð fyrir ráðstefnu **fimmtudaginn 26. september** undir yfirskriftinni **Hvað er svona merkilegt við það?** Ráðstefnan verður haldin í Kaldalóni í Hörpu og er opin öllum. Hægt er að skrá sig á vef Stjórnarráðsins.

Dagskrá:

- 13:00** — Forseti Íslands **Guðni Th. Jóhannesson** setur ráðstefnuna.
- **Women in the Maritime Community.** **Joanna Nonan**, aðmíráll í bandarísku strandgæslunni (Rear Admiral US Coast guard).
 - **All Aboard: Icelandic Women, Equality and Opportunity at Sea.** **Margaret Willson**, mannfræðingur og prófessor við Washington-háskóla.
 - **Átakið #kvinnastarf.** **Jón Hjalti Ásmundsson**, skólustjóri Skipstjórnar- og véltækniskóla Tækniskólans.
 - **14:30** — Hlé og kaffiveitingar.
 - **Í blíðu og stríðu. Reynslusaga konu til sjós.** **Jónína Hansen**, stýrimaður.
 - **Vélfræði, sálfræði, stjórnun.** **J. Snæfríður Einarsdóttir**, vélfræðingur og ráðgjafi hjá HSE Consulting.
 - **Sjómannslífið.** **Heiðveig María Einarsdóttir**, sjómaður og viðskiptalögfræðingur.
 - **Af hverju ekki ég.** **Halldóra Kristín Unnarsdóttir**, strandveiðikona af Snæfellsnesi.
 - **Samantekt:** Af hverju eru ekki fleiri konur á sjó?
- 16:00** — **Sigurður Ingi Jóhannesson**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, flytur lokaorð og slítur ráðstefnu.

Fundarstjóri er **Ragnhildur Hjaltadóttir** ráðuneytisstjóri.

Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

●● Síðustu tvær vikurnar hefur tilsjónarmaður sem settur var yfir félagið á meðan félagið var úrskurðað gjaldþrota gert okkur lífið ansi leitt.

þeim málum sem þurfti að greiða úr gert okkur lífið ansi leitt. Bæði aðal-lið félagsins sem og öll akademían hefur ekki mátt æfa á æfingarsvæði félagsins, við höfum ekki getað notað síma og net og leikmönnum og þjálfurum hefur verið bannað að nota búninga, tæki og tól sem félagið á.

Ofan á þetta bætist að að þeir leikmenn sem komu til okkar í ágúst búa enn á hótélum og hafa þurft að skipta ótt og títt um hótél þar sem það er allt fullbókað út af einhverjum ráðstefnum og fleiru. Á þessum tíma var okkur svo dæmdur ósigur sem við máttum alls ekki við í þeirri stöðu sem við erum í,“ segir hann um aðstæðurnar sem hann hefur þurft að vinna við.

„Þessu var svo kippt í liðinn á fimmtudaginn síðasta og það er búið að fella úrskurðinn um gjaldþrotið úr gildi og við erum komnir aftur í eðlilegan farveg hvað varðar aðstöðu og aðbúnað. Við áttum leik við Lokeren um helgina og töpuðum honum en það var margt jákvætt í þeim leik sem hægt er að byggja á í næstu leikjum. Það eru þrjú til fjögur lið sem eru áberandi best í þessari deild og sem dæmi ná nefna Leuven sem er í eigu sömu eiganda og Leicester City og svo er Union SG sem eru með sömu eigendur og eiga Brighton. Þessi lið eru með töluvert meira fjármagn en við og það er oft fylgni milli fjármagns og árangurs en ekki alltaf sem betur fer,“ segir þjálfarinn um belgisku B-deildina.

„Við erum hins vegar komnir með leikmannahóp sem á að geta keppt við öll lið í deildinni og planið er að stabilisera liðið í deildinni í ár og svo verður tíminn að leiða í ljós hvað gerist. Við spilum fjórum sinnum við hvert lið, það er 14 leikir í fyrri umferð og 14 leikir í seinni umferð, sigurveggar úr fyrri og seinni umferð spila síðan um sæti í efstu deild, tvo leiki. Þeir sem eru í sjöunda og áttunda sæti eftir báðar umferðir spila fimm leiki um að halda sér í deildinni. Markmiðið er að forðast að enda í tveimur neðstu sætum.“

Verkefnið núna er hins vegar bara að móta liðið og bæta það frá leik til leiks,“ segir Arnar um framhaldið. hjorvaro@frettabladid.is

því að það tekur tíma að byggja upp samkeppnishæft lið einkum og sér í lagi miðað við þær aðstæður sem hann hefur upplifað.

„Þetta hafa í raun bara verið súrrealískar aðstæður sem við höfum verið staddir í síðustu vikurnar. Þegar ég kem hingað eru níu úti-spilarar og fimm markmenn á samningi hjá félaginu og rétt fyrir lok gluggans koma 16 nýir leikmenn inn í leikmannhópinn. Það eru mest allt ungir leikmenn og sex af þeim eru brasilískir leikmenn sem tekur auðvitað tíma að aðlaga nýjum aðstæðum. Einnig fengum við hafsent að láni frá Club Brugge sem þekkir umhverfið og deildina vel og hefur hann staðið sig virkilega vel,“ segir Arnar um fyrstu skref sín hjá nýju félagi.

„Það höfðu nýir eigendur keypt helming í félaginu þegar ég tók við og þeir fóru strax í það að greiða upp þær skuldir sem höfðu safnast upp hjá félaginu. Það voru hins vegar útstandandi skuldir meðal annars við veitingaþjónustu sem átti eftir að greiða. Félaginu var stefnt til greiðslu á þeirri skuld og það bara gleymdist að mæta í réttarsal og félagið var því úrskurðað gjaldþrota þrátt fyrir að vera vel gjaldfært fyrir þessum reikningum,“ heldur Arnar áfram.

Allt komið í réttan farveg
„Þannig að síðustu tvær vikurnar hefur tilsjónarmaðurinn sem settur var yfir félagið á meðan greitt var úr

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. september 2019

35. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TUDOR

TAG Heuer

LONGINES

NOMOS
GLASHÜTTE

TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is



Fólk í borgarstjórn virðist vera í einhverjum bómullarhnoðrum og sýnilega eru mikil mistök í útreikningum þar á bæ.



Verslanir munu halda velli

Svava Johansen, eigandi NTC, segir nýju verslunina á Hafnartorgi hafa farið fram úr væntingum. Hleypir nýrri netverslun af stokkunum fyrir jól. Segir rekstrar-kostnað fyrirtækja of háan og borgarmálin í ólagi. » 6



» 2
Hlutabréfaeign dómara til skoðunar hjá MDE

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið fjárfestingarumsvif tveggja hæstaréttardómara í aðdraganda falls bankanna til meðferðar. Biðlar til ríkisins og Ólafs Ólafssonar að leita sátta.

» 4
Afkoma álveranna verri um nær 20 milljarða

Afkoma álveranna á Íslandi versnaði um hátt í 20 milljarða í fyrra. Samanlagt tap á síðasta ári nam 6,1 milljarði. Forstjóri Landsvirkjunar hefur ekki áhyggjur af stöðu álveranna.

» 10
Að dýpka skuldabréfmarkaðinn

„Tvöföldun á þátttöku erlendra aðila í ríkisskuldabréfum myndi eingöngu þýða innflæði upp á 800 milljónir Bandaríkjadala – upphæð sem sjóðsstjóri innan meðalstórs vögunarsjóðs í New York eða London stýrir,“ segir Birgir Haraldsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NÝ VERSLUN OPTICAL STUDIO HEFUR OPNAÐ Á HAFNARTORGI



Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Kvartar til Seðlabankans vegna ummæla Gylfa

Icelandair Group hefur komið á framfæri athugasemdum til Seðlabanka Íslands vegna ummæla Gylfa Zoega, hagfræðiprófessors og nefndarmanns í peningastefnunefnd bankans, í síðustu viku þar sem hann bað þingmenn efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að fylgjast vel með stöðu Icelandair.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, staðfestir í samtali við Markaðinn að félagið hafi sent Ásgeiri Jónssyni, seðlabankastjóra og formanni peningastefnunefndar, bréf á föstudag með þeim tilmælum að fulltrúar bankans myndu gæta orða sinna á opinberum vettvangi.

Á opnum fundi nefndarinnar beindi Gylfi athygli þingmanna að því „stóra flugfélagi sem við byggjum svo mikið á. Hvað er að gerast þar? Ef við reiknum fram í tímann, hvenær verður eigið féð þar komið á hættulegt stig?“ spurði Gylfi, og sagði að ekki mætti veðja þjóðarbúinu á skaðabætur frá Boeing.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.

Bogi segir að slík ummæli gætu haft „skaðlegar afleiðingar“ fyrir félagið og „pösuðu á engan hátt“ fyrir mann í hans stöðu. Þá bendir Bogi á að sumir aðilar kynnu þannig að halda að Gylfi byggji yfir meiri upplýsingum um Icelandair en almenningur og fjárfestar en félagið væri hins vegar skráð á markað og allar upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu þess séu opinberar.

Spurður hvort Icelandair hafi fengið einhver viðbrögð frá erlendum aðilum, meðal annars fjármálastofnunum, greinendum eða birgjum, vegna ummæla Gylfa segir Bogi að það hafi sem „betur fer“ ekki komið til þess. – hae

Kaupa 13 prósent í HSV

Framtakssjóðurinn Innviðir fjárfestingar, sem er að langstærstum hluta fjármagnaður af lífeyrissjóðum, gekk í síðasta mánuði frá kaupum á tæplega 38 prósent hlut í HSV eignarhaldsfélagi, næststærsta hluthafa HS Veitna með um 34,4 prósent hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins. Samtals er því um að ræða um þrettán prósent á óbeinan hlut í HS Veitum en kaupverðið nam rúmlega þremur milljörðum króna.

Seljendur voru einkum Akur fjárfestingar og TM, sem áttu saman um 30 prósent hlut, en þá seldi Ursus, félag Heiðars Guðjónssonar forstjóra Sýnar, einnig meðal annars hluta af sínum bréfum í félaginu.

Formlegt sölufelri á hlut í HSV hófst í maí en það var fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka sem hafði umsjón með ferlinu. Í fjárfestakynningu vegna sölufelrisins, sem bar heitið Project Heat, kom fram að áætlaður

23,5

milljarðar króna er markaðsvirði HS Veitna miðað við viðskiptin.

hagnaður HS Veitna fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) fyrir árið 2019 yrði um 2,9 milljarðar og að tekjur myndu aukast um líðlega 500 milljónir og verða rúmlega 7,4 milljarðar.

HS Veitur er með dreifikerfi á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, Árborg og Vestmannaeyjum, sér um sölu og dreifingu á heitu og köldu vatni ásamt dreifingu á raforku. Aðrir hluthafar eru Reykjanesbær með 50,01 prósent hlut, Hafnarfjarðarbær 5,4 prósent hlut og Sandgerðisbær með 0,1 prósent hlut. – hae



Markús Sigurbjörnsson, Viðar Már Matthíasson, Ólafur Börkur Þorvaldsson og Eiríkur Tómasson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hlutabréfaeign dómara til meðferðar hjá MDE

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið fjárfestingarumsvif tveggja hæstaréttardómara í aðdraganda falls bankanna til meðferðar. Biðlar til málsaðila að leita sátta. Náist það ekki fer málið áfram fyrir dómstólum.

Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur tekið kæru Ólafs Ólafssonar, sem var einn aðaleigenda Kaupþings, vegna fjárfestingarumsvifa tveggja hæstaréttardómara, þeirra Markúsar Sigurbjörnssonar, þáverandi forseta dómsins, og Árna Kolbeinsonar, í aðdraganda falls stóru viðskiptabankanna til meðferðar.

Í bréfi sem Mannréttindadómstóllinn sendi til málsaðila fyrr í þessum mánuði, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er farið þess á leit við íslenska ríkið hvort hægt sé að ná samkomulagi um sátta við Ólaf, sem gæti þá meðal annars grundvallast á skaða- og miskabótum, vegna dóms í svonefndu Al-Thani máli. Var Ólafur dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir markaðsmisnotkun.

Þá hefur dómstóllinn beint þremur spurningum til íslenska ríkisins og Ólafs þar sem óskað er eftir skýringum er snúa að málinu, meðferð þess fyrir dómstólum og hver fjárfestingarumsvif þeirra dómara sem dæmdu málið hafi verið í bönkunum. Náist ekki sátt milli málsaðila fyrir 2. desember næstkomandi mun Mannréttindadómstóllinn halda áfram með málið og taka það til frekari efnisméðferðar.

Þetta er í fyrsta sinn sem fjárfestingarumsvif hæstaréttardómara eru tekin til umfjöllunar fyrir dómstólum eftir að upplýst var um það í fjölmiðlum, meðal annars Fréttablaðinu, í byrjun desember 2016 að þeir hefðu í mörgum tilfellum átt hlutabréf í bönkunum að andvirði margra milljóna króna í aðdraganda falls þeirra haustið 2008. Sjaldgæft er að mál sem eru kærð til Mannréttindadómstólsins séu tekin til meðferðar en í fyrra var tæplega 80 prósentum mála vísað frá dómnum eða þau talin ótæk.

Í máli Ólafs, sem sendi inn kæru til Mannréttindadómstólsins í byrjun júní 2017, eru það Markús og Árni, sem dæmdu í Al-Thani málinu ásamt þremur öðrum dómurum, sem eiga hlut að máli vegna fjárhagslegra hagsmuna þeirra tengdra bönkunum þremur.

7-10

milljónir er áætlað tap Markúsar af eign sinni í sjóðum Glitnis við fall bankans 2008.

Markús seldi megnið af hlutabréfum sínum í Glitni 2007 fyrir 44,6 milljónir króna með umtalsverðum söluhagnaði en hann hafði eignast bréfin fimm árum áður. Hagnaðinn af sölu bréfanna, auk annarra fjármuna, setti hann í hluta- og skuldabréfasjóði í stýringu í einkabankaþjónustu Glitnis en þeir fjárfestu einkum í félögum sem tengdust bankanum. Áætlað tap Markúsar við fall bankanna er talið vera um 7 til 10 milljónir. Fjárfestingarumsvif Árna voru minni en hann átti bréf í Glitni að andvirði 2,4 milljónir króna þegar hlutabréfaverð bankans var hvað hæst í júlí 2007. Þau bréf urðu verðlaus við gjaldþrot bankans.

Þrátt fyrir að Markús og Árni hafi ekki átt beina hagsmuni undir vegna Kaupþings, en Al-Thani málið varðaði viðskipti með hlutabréf í þeim banka, þá segir í greinargerð Ólafs vegna kæru hans til Mannréttindadómstólsins að fjárhagslegir hagsmunir hafi verið samtvinnaðir öllu bankakerfinu. Fall eins banka hafði óhjákvæmlega áhrif á hina bankana.

Átti fyrir 19 milljónir í LAIS

Aðrir hæstaréttardómarar áttu einnig verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem tengdust viðskiptabönkunum þremur og dæmdu í málum tengdum bankahruninu. Ákvörðun Mannréttindadómstólsins um að taka mál Markúsar og Árna til skoðunar vegna hlutabréfaeignar þeirra í bönkunum á árunum fyrir fall þeirra kann því að hafa afleiðingar í öðrum samþæringum málum.

Þannig áttu meðal annars hæstaréttardómararnir Viðar Már Matthíasson og Eiríkur Tómasson hlutabréf í Landsbanka Íslands að andvirði samtals 11 milljónir

þegar bankinn féll. Hlutabréfaeign Viðars Márs var umtalsvert meiri en Eiríks en þegar gengi bréfa bankans stóð hvað hæst nam virði bréfanna um 19 milljónum króna. Eiríkur og Viðar Már skipuðu báðir fimm manna dóm Hæstaréttar sem dæmdi ýmsa fyrrverandi stjórnendur og starfsmenn Landsbankans seka um markaðsmisnotkun og/eða umboðssvik í tveimur málum fyrir Hæstarétti í október 2015 og febrúar 2016.

Í kæru Ólafs til Mannréttindadómstóls Evrópu kom fram að talið væri réttmætt tilefni til þess að efast um óhlutdrægni dómara í Al-Thani málinu vegna þeirra fjárhagslegra hagsmuna sem þeir áttu undir í bönkunum við fall þeirra. Af þeim sökum hafi hann ekki verið dæmdur af óvilhóllum dómstóli þegar Hæstiréttur sakfelldi hann fyrir markaðsmisnotkun í febrúar 2015. Kæra Ólafs byggir á þeim upplýsingum sem fram komu í fjölmiðlum í desember 2016 um fjárfestingarumsvif hæstaréttardómara tengd gömlu viðskiptabönkunum.

Taldi ekki skylt að upplýsa

Hæstaréttardómararnir höfðu í flestum tilfellum ekki tilkynnt nefnd um dómastörf um hlutabréfaeign þeirra í bönkunum á þeim tíma. Samkvæmt þeim reglum bar þeim lögum samkvæmt að tilkynna nefndinni ef þeir ættu hlut í félagi sem væri allt að þriggja milljóna króna virði, eða sem nam yfir fimm prósentum af eignarhlut í félagi. Ef hluturinn var aftur á móti meira virði en þrjár milljónir þurfa dómastörf jafnframt að fá heimild nefndarinnar fyrir slíkri fjárfestingu.

Í yfirlýsingu sem Markús sendi frá sér eftir umfjöllun fjölmiðla kom fram að hann hefði tilkynnt nefndinni um eignarhlut sinn í Glitni og óskað eftir heimild fyrir fjárfestingunni – og sömuleiðis upplýst nefndina þegar hann seldi bréfin 2007. Hann sagðist hins vegar ekki hafa talið sér skylt að upplýsa um þá fjármuni sem hann hefði sett í fjárfestingarsjóði sem voru í eignastýringu Glitnis.

hordur@frettabladid.is

Fjarðarkaup og Óla
hagna með stolti

Jólagestir

Björquins

21. - 22. DESEMBER Í HÖRPU

MÍÐASALA ER HAFIN!

Miðasala fer fram á harpa.is/jolagestir. Nánar á senalive.is/jolagestir



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG



URÐARHVARF 8 FYRIR STÓRNOTENDUR

GÆÐI - ÚTSÝNI - HAGKVÆMNI

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.



Heildarstærð er um 17.200 fm • Útleigurými frá 640 fm • Næg bílastæði og gott aðgengi
Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn • Afhending hefst vorið 2020

REYKJASTRAETI.IS

Afkoman verri um nær 20 milljarða

Afkoma álveranna á Íslandi versnaði um hátt í 20 milljarða króna á milli 2017 og 2018. Samanlagt tap á síðasta ári nam 6,1 milljarði. Má að mestu rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði á súráli. Forstjóri Landsvirkjunar hefur ekki áhyggjur af stöðu álveranna.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



A lframleiðendur á Íslandi töpuðu samtals 6,1 milljarði króna á síðasta ári. Afkoman versnaði verulega á milli ára en hún var jákvæð um tæplega 13,4 milljarða króna árið 2017. Framkvæmdastjóri Samáls segir mestu hafa munad um hækkun súrálsvæðs. Forstjóri Landsvirkjunar segist ekki hafa áhyggjur af stöðu álveranna enn sem komið er.

„Rekstrarskiptir hér á landi eru krefjandi en mestu munar þó um að heimsmarkaðsverði á súráli hækkaði verulega í fyrra og það olli álverum um allan heim verulegum bústíðum,“ segir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls, í samtali við Markaðinn.

„Það sem var óvænt í því var að lítil sem engin fylgni var á milli verðþróunar á áli og súráli, en venjulega hefur það fylgst að.“

Stærstan hluta tapsins má rekja til álvers Rio Tinto í Straumsvík sem tapaði 44,6 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði um 5,6 milljarða miðað við núverandi gengi, á síðasta ári. Álverið hafði verið rekið á núllinu árið 2017. Álverið Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði tapaði 8,5 milljónum dollara, eða tæplega 1,1 milljarði króna, árið 2018 samanborið við 78 milljóna dollara hagnað, jafnvirði 9,8 milljarða króna, árið áður.

Eina álverið sem rekið var með hagnaði var álver Norðuráls á Grundartanga. Það hagnaðist um rúmlega 4,5 milljónir dala á síðasta ári, jafnvirði um 550 milljóna króna, og dróst hagnaðurinn saman frá fyrra ári um þrjú milljarða króna. Þrátt fyrir að afkoma greinarinnar hafi versnað um 19,5 milljarða króna jukust heildartekjur um 9,4 prósent. Öll álverin áttu það hins vegar sameiginlegt að framleiðslukostnaður jókst verulega.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að enn sem komið er hafi Landsvirkjun ekki áhyggjur af stöðu álveranna.

„Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að á síðasta ári og í ár



Eina álverið á Íslandi sem var rekið með hagnaði árið 2018 var álverið á Grundartanga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


hafi aðstæður verið krefjandi fyrir okkar viðskiptavinum. Staða álframleiðslu í heiminum hefur verið erfið, einkum vegna lágs álverðs, en ef við horfum á álver hér á landi og berum þau saman við álver erlendis þá teljum við að þau séu vel samkeppnisfær,“ segir Hörður.

„Áliðnaðurinn er í eðli sínu sveiflukenndur og við höfum oft séð svona sveiflur áður. Við höfum verið að draga úr tengingu tekna okkar við álverð einmitt út af því. Þó að við verðum fyrir einhverjum áhrifum eru þau ekki mjög mikil,“ segir Hörður.

Pétur segir að hækkun súrálsvæðs megi rekja til óvissu á alþjóðavísu, meðal annars vegna tollastriðs Bandaríkjanna og Kína og þrýstings bandarískra stjórnvalda á Rusal. Auk þess hafi Norsk Hydro átt í erfiðleikum með sína framleiðslu.

„Almennt var þróun á aðföngum og rekstrarkostnaði óhagstæð fyrir

Afkoma og tekjur álframleiðenda á Íslandi



Almennt var þróun á aðföngum og rekstrarkostnaði óhagstæð fyrir álverin og tekjurnar stóðu ekki undir því.

Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls



álverin og tekjurnar stóðu ekki undir því,“ segir Pétur en bendir á jákvæðu hliðarnar. Framleiðsla hafi gengið vel og útflutningstekjurnar hafi numið 230 milljörðum króna. Þar af hafi innlendar kostnaður numið 86 milljörðum.

Spurður hvernig þróunin hafi verið á þessu ári segir Pétur að áhyggjuefni sé að álverð hafi hækkað en á móti hafi verð á súráli lækkað. „Álverð ræðst á heimsmarkaði. Það er núna 13 prósent lægra en það var fyrir ári síðan og hefur lækkað um 6 prósent á þessu ári. Það er auðvitað áhyggjuefni og vonandi rætist úr því. Á móti kemur að verð á súráli hefur lækkað töluvert meira og þar er markaðurinn vonandi að jafna sig.“

Breytingar í efstu lögum

Töluverðar breytingar hafa orðið á yfirstjórn álframleiðendanna á Íslandi og fleiri stóriðjufyrirtækja á árinu. Ragnar Guðmundsson lét af störfum sem forstjóri Norðuráls í maí en hann hafði gegnt stöðu forstjóra frá árinu 2007. Gunnar Guðlaugsson kom í hans stað.

Um mitt sumar var greint frá því að Magnús Þór Ásmundsson hefði óskað eftir því að láta af störfum hjá Alcoa Fjarðaáli og er nú leitað að nýjum forstjóra. Magnús hafði verið forstjóri síðan árið 2014.

Skömmu síðar urðu breytingar á yfirstjórn Elkem á Íslandi, sem rekur kísilver á Grundartanga þegar Gestur Pétursson, forstjóri Elkem til fimm ára, var ráðinn forstjóri Veitna. Þá hefur Tómas Már Sigurðsson sagt starfi sínu lausu sem aðstoðarforstjóri Alcoa og mun hann láta af störfum í lok árs.

Solla selur Birgi Gló

Hjónin Sólveig Eiríksdóttir og Elías Guðmundsson hafa selt hjónunum Birgi Bieltvedt og Eygló Björk Kjartansdóttur 30 prósent hlut sinn í veitingastaðakeðjunni Gló.

Elías segir að samið hafi verið um það árið 2017 þegar ákveðið var að veitingastadurinn færi í útrás til Danmerkur að Birgir og Eygló Björk myndu kaupa þau hægt og rólega út. „Við höfum verið á hlaupum lengi og kominn tími til að slaka á. Félagið er komið í ágætis horf og tækifæri er fyrir nýja aðila til að taka fyrirtækið á næsta stig,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Sólveig, sem stofnaði veitingastadinn, mun starfa sem ráðgjafi hjá Gló til júlí 2021. Elías segir að hlutverk hennar verði að viðhalda gæðum, sinna nýsköpun og öðru.

Hjónin Birgir og Eygló Björk keyptu helmingshlut í Gló árið 2014 í gegnum fjárfestingafélagið Eyju. Elías segir að Eyja hafi eignast meirihluta í Gló árið 2017 samhliða útrásinni.

Hann segir að samið hafi verið um að hjónin myndu ekki opna nýjan veitingastað í brád. Hugur



Sólveig Eiríksdóttir, stofnandi Gló.

þeirra standi heldur ekki til þess. Rekstrarumhverfið sé erfið um þessar mundir.

Tap Gló veitinga ehf., sem rekur fjóra staði hér á landi, jókst úr 26 milljónum króna á milli ára í 82 milljónir króna árið 2018. Eigið fé var neikvætt um fimm milljónir króna við árslok. Birgir sagði í viðtali við Morgunblaðið að reksturinn gengi betur í ár en í fyrra. Líklega verði jafnvægi milli kostnaðar og tekna. „Síðustu tólf mánuði hefur reksturinn skilað hagnaði,“ sagði hann.

Eyja á einnig hluti í Brauð & Co, Café Paris, Joe & The Juice, Jómfrúnni og Snaps. – hvj

Arion banki selur sumarhöllina

Arion banki hefur boðið til sölu sex herbergja orlofshús í eigu bankans, sem aðeins æðstu stjórnendur hans hafa haft afnot af síðustu ár, í Hörgársveit í Eyjafirði. Orlofshúsið, sem er rúmlega 172 fermetrar að stærð, er á 9,6 hektara eignarlöð og var byggt árið 2004.

Bankinn óskar eftir tilboði í eignina. Fasteignamat hússins nemur 33,6 milljónum króna en brunabótamatid er hins vegar 97,4 milljónir króna.

Fram kemur í auglýsingu að orlofshúsið, sem er með heitum potti, skiptist í tvær svefnherbergisálmur með tveimur svefnherbergjum og einu badherbergi hvor, ásamt tveimur stofum.

Benedikt Gíslason, sem tók við starfi bankastjóra í júlí, sagði í viðtali við Markaðinn að bankinn væri á krossgötum um þessar mundir. „Það er stefnumótunarvinna í gangi innan bankans og ég held að við munu sjá viðskiptamódel sem byggir meira á milliliðahlutverki þar sem efnahagsreikningurinn er notaður með sértækari hætti og á því að veita þjónustu sem felur



Brunabótamat sumarhallarinnar í Eyjafirði er 97 milljónir króna.

ekki í sér mikla eiginfjárbindingu,“ útskýrði Benedikt.

Með sífellt færri heimsóknum í útibú bankans skapaðist jafnframt tækifæri til að hagræða í rekstrinum. „Við þurfum að sniða okkur stakk eftir vexti. Ef efnahagsreikningurinn dregst saman þá minnka

umsvifin að sama skapi,“ sagði Benedikt.

Gert er ráð fyrir að tilkynnt verði um niðurstöður stefnumótunarvinnu bankans, ásamt hagræðingaraðgerðum sem ráðist verður í, á morgun, fimmtudag.

– hae

wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

EINU STÓLARNIR MEÐ



Dondola®
360°
VELTITÆKNI

Einn besti skrifstofu- stóllinn fyrir bakveika

Hirzlan Skrifstofuhúsgögn eru þessa dagana með sérstakt tilboðsverð á hinum rómuðu Wagner skrifstofustólum, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það.

Skrifstofustólarnir frá Wagner hafa heldur betur slegið í gegn, enda hafa fjölmargir fagaðilar og einstaklingar mælt sérstaklega með þessum frábæru stólunum. Ólafur Gunnar Guðlaugsson barnabókahöfundur er einn þeirra.



Ólafur Gunnar Guðlaugsson

„Ég hef unnið sem grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari í nærri 30 ár. Eins og gefur að skilja er ekki mikil hreyfing við svona störf og ég sit nánast allan daginn við mína iðju. Það er auðvitað dauði og djöfull fyrir krónískt bakveikan mann. Í tugi ára hafði morgunrútína mín verið að liðka um klemmdu taugina

í mjóbakinu, koma mér úr vinkilstöðu í lóðréttu. Sem sagt ópolandi og viðvarandi ástand sem var nóg til að æra óstöðugan.

Síðan kynntist ég Wagner stólunum með 360 gráðu Dondola veltitækninni. Málið er að ef þér tekst að halda hryggsúlunni á stöðugri hreyfingu þá stífnar hún síður og festist. Vinnuveitandi minn fjárfesti í Ergomedic 100-3, og viti menn, eftir eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin! Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.“



-36%

NÚ Á TILBOÐSVERÐI

119.900 kr.

ÁÐUR Á 189.900

ERGOMEDIC 100-3 skrifstofustól frá Wagner, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu.

FAGAÐILAR MÆLA
MEÐ WAGNER



Elís Þór Rafnsson
sjúkrálfari



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is





Svava Johansen, eigandi NTC, segir að erlendir ferðamenn, einkum Bandaríkjamenn og Kínverjar, séu nær þriðjungur af viðskiptavinum GK Reykjavíkur á Hafnartorgi. Þannig sé því ekki hátt að öðrum verum.

Endalaus vinna og óbilandi áhugi

Svava Johansen, eigandi tiskuvörueðjunnar NTC, segir rekstrarumhverfið valda því að margir verslunareigendur gefist upp. Launakostnaður sé of hár og borgaryfirvöld flækist fyrir. Hún segir að gengi GK Reykjavík á Hafnartorgi hafi farið fram úr vonum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fáir þekkja íslenska smásöllumarkaðinn betur en Svava Johansen, eigandi NTC. Fyrirtækið var byggt upp frá því að vera ein verslun á Laugavegi og upp í tiskuvörueðju sem rekur nú 15 verslanir á höfuðborgarsvæðinu og stóð af sér fjármálahrúnið. Svava segir að verið sé að loka mörgum smærri verslunum hér á landi vegna hins erfiða rekstrarumhverfis sem er komið til vegna háslaukakostnaðar. Seinangangur og tiltiltsleysi borgaryfirvalda bæti ekki úr skák. Þá segist hún hafa mikla trú á Hafnartorgi sem verslunarkjarna og greinir frá því að NTC ætli að opna nýja netverslun.

NTC opnaði í vor nýja GK Reykjavík verslun á Hafnartorgi og má þar finna vörumerki sem hafa ekki áður verið fáanleg á Íslandi.

Hvernig hefur gengið á Hafnartorgi síðan þið opnuðuð verslunina?

„Við erum mjög ánægð með að vera á Hafnartorgi og frá því að við opnuðum hefur þetta í raun farið

fram úr okkar vonum. Við náðum góðu samkomulagi við Regin, eiganda verslunarkjarnans, ákváðum að slá til og sjáum ekki eftir því. En svæðið er ekki komið á þann stað að traffíkin komi af sjálfri sér. Við höfum þurft að gefa í á samfélagsmiðlum og fá flotta áhrifavalda til liðs við okkur til að vekja meiri athygli á svæðinu og breyttri verslun okkar.

Þarna erum við með svokölluð „affordable luxury brands“. Við munum örugglega sjá mikla traffík um jólin og ég hef mikla trú á að næsta vor verði þetta orðið svaka fint,“ segir Svava og nefnir að samsetning kunnahópsins á Hafnartorgi sé öðruvísi en í öðrum verslunum fyrirtækisins. Erlendir ferðamenn, og þá sérstaklega Bandaríkjamenn og Kínverjar, séu nær þriðjungur af viðskiptavinum verslunarinnar.

Í nýlegri umfjöllun Markaðarins var rætt við veitinga- og kaupmenn í borginni sem voru sammála um að ferlið við að koma á fót fyrirtæki í borginni væri gríðarlega þungt í vöfum. Fyrirtækjaeigendunum bar saman um að samráðsleysi borgarinnar í tengslum við framkvæmdir væri baggi á rekstrinum. Á köflum

væri ómögulegt að ná tali af starfsmönnum borgarinnar til þess að fá svör eða úr málum greitt.

„Fólk gefst upp“

Hvernig horfir staðan í miðborginni við þér?

„Það er engin spurning um að það megi gera betur í borgarmálum og ég skil hreinlega ekki hvernig borgin er að vinna almennt í sínum málum. Seinangangurinn er svo mikill og það er erfitt að ná sambandi við starfsmennina sem koma að þessum málum. Það liggur við að hægt sé að reisa heila íbúðablokk á skemmri tíma en það tekur að rífa upp eina götu.

Við kynntumst þessu verklagi borgarinnar þegar það fundust fornminjar við hliðina á okkur á Hafnartorgi. Seinangangurinn í kringum það og hversu lengi þeir voru að ganga frá því! Þetta er ekki til fyrirmyndar og það þarf bara að segja það,“ segir Svava og vísar þar til gömlu bryggjunnar sem var grafinn upp í Pósthússtræti vegna framkvæmda við Hafnartorg. Opna átti GK Reykjavík á Hafnartorgi í byrjun árs en framkvæmdirnar töfðu opnunina.

„Það verður að huga að því að

Rekstrarkostnaður fyrirtækja er einfaldlega of hár. Ég veit að þó nokkrum verslunum hefur verið lokað eða er verið að loka. Fólk gefst upp.

sumt fólk er með allan sinn rekstur í miðbænum. Ég væri mjög til í að sjá breytta stjórn í borginni. Fólk í borgarstjórn virðist vera í einhverjum bómullarhnoðrum og sýnilega eru mikil mistök í útreikningum þar á bæ – bæði hvað varðar tímalengdir verkefna og hins vegar kostnaðarplön. Mér finnst illa farið með fjármuni borgarbúa. Þetta hefur mjög mikil áhrif á fyrirtækin í miðborginni og það er eins og stjórnendur borgarinnar átti sig ekki á því hvaða afleiðingar þetta hefur.“

sumt fólk er með allan sinn rekstur í miðbænum. Ég væri mjög til í að sjá breytta stjórn í borginni. Fólk í borgarstjórn virðist vera í einhverjum bómullarhnoðrum og sýnilega eru mikil mistök í útreikningum þar á bæ – bæði hvað varðar tímalengdir verkefna og hins vegar kostnaðarplön. Mér finnst illa farið með fjármuni borgarbúa. Þetta hefur mjög mikil áhrif á fyrirtækin í miðborginni og það er eins og stjórnendur borgarinnar átti sig ekki á því hvaða afleiðingar þetta hefur.“

Hvernig er rekstrarumhverfið í smásölu eins og staðan er í dag?

„Rekstrarkostnaður fyrirtækja er einfaldlega of hár og þar vegur launakostnaður og leiga þungt. Ég veit að þó nokkrum verslunum hefur verið lokað eða er verið að loka. Ég sá til dæmis einni lokað gær og annarri í síðustu viku. Fólk gefst upp. Þegar við berum okkur saman við fyrirtæki erlendis þá eru launin á Íslandi miklu hærri en þessu var öfugt farið hérna áður fyrr.

Fólkið sem starfar í þessum geira erlendis á ekki til orð þegar við segjum hvað við erum að greiða fólki í laun hvort sem það eru sölumenn í verslun, rekstrarstjórar eða starfsmenn á skrifstofunni. Það er erfitt að reka fyrirtæki þegar laun eru svona há og þess vegna höfum við þurft að hagræða í rekstrinum. Við erum stór keðja og getum því hagrætt en það er ekki jafn auðvelt fyrir smærri fyrirtæki.“

Nú var nýlega skrifað undir svokallaðan Lífskjarasamning sem felur í sér enn frekari launahækkunir. Var samningurinn góð eða slæm lending að þínu mati?

„Það er sumt gott og annað verra í þessum samningi. Mér finnst það gott að áhersla sé lögð á kjarabætur

LEIÐ

MIDVIKUDAGUR 25. SEPTEMBER 2019

Heimili



Brynja Þóra Guðnadóttir hönnuður breytti bílskúr í stúdíóíbúð. Hún hannaði íbúðina sjálf og notaði liti til að hólfa niður hvert rými. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

HVER VANN?

Sportíð á frettbladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Leikur sér með liti

Brynja Þóra Guðnadóttir, hönnuður, myndlistarkona og húsgagnasmiður, bjó nýlega til 30 fermetra íbúð í bílskúr þar sem hver fermetri var vel nýttur. ➔2

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Bílskúrinn var alveg hrár. Hann er 47 m², 30 m² voru notaðir í íbúðina og afgangurinn var nýttur í vinnustofu og geymslu á endanum á vinnustofunni. Geymslan er ekki nema fjórir fermetrar,“ segir Brynja.

Inn í þetta pinulítla rými sem íbúðin er, kom Brynja fyrir eldhúsi, baðherbergi, stofu og svefnherbergi.

„Rýmið er L-laga og það nýttist ágætlega. Eldhúsið er inni í L-inu og þar kom ég fyrir bæði uppþvottavél og þvottavél. Baðherbergið er við hliðina á eldhúsinu og breiddin á því er 80x250 cm. Það er alveg minnsta stærð af baðherbergi, ef þú vilt ekki hafa sturtuna yfir klósettinu. En það er svo sem alveg hægt að hafa það þannig,“ segir Brynja.

Við hliðina á baðherberginu er svefnherbergið þar sem er rétt svo nóg pláss fyrir 160 cm breitt rúm. „Þú skriður bara inn í það,“ segir Brynja. „Með þessu móti gat ég gert stofuna sem stærsta.“

Stofan er við hliðina á svefnherberginu og er rýminu skipt upp með gardinu sem hægt er að draga fyrir rýmið. Hún skiptir svefnherberginu og stofunni líka upp með því að hafa sitthvorn litinn á veggnum sem er sameiginlegur með stofunni og svefnherberginu.

„Litir eru svolítið í tisku núna, sem er skemmtilegt því það er hægt að nota liti til að leika sér svolítið með arkitektúrinn. Þú



Brynja hefur gaman af að leika sér með liti til að stækka eða minnka rými.

getur falið eða dregið fram arkitektúrinn. Þú getur stækkað rými og minnkað rými með litum,“ útskýrir Brynja.

Gerir mikið úr litlu

„Núna er fasteignaverð og leiguverð hátt og fólk vill þá kannski gera meira úr litlum rýmum. Leigja út frá sér eða gera íbúð handa börnunum sínum í bílskúrnum. Í litlum rýmum er ekkert endi-



Brynja kom eldhúsi, baðherbergi og svefnherbergi fyrir í pinulítlu rými.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Maður þarf að hugsa bæði um liti og lýsingu því litur er ekki neitt án lýsingar.

lega best að mála allt hvítt, það getur verið kuldalegt. Það skiptir kannski meira máli að nota liti sem gera umhverfið hlýlegra, en sumir kallar litir stækka rýmið svo þetta er svolítið samspil.“

Brynja segir að þegar hún hannaði bílskúrsíbúðina hafi hún hugsað mikið um litina. „Það er þínu hátt til lofts í stofunni og þar notaði ég bleikan lit sem gefur hlýju. Ég hugsaði líka mikið um lýsinguna. Lýsing skiptir mjög miklu máli upp á stemningu. Svefnherbergið er grænt og ég passaði líka að hafa hlýlega lýsingu þar. Maður þarf að hugsa bæði um lit og lýsingu því litur er ekki neitt án lýsingar.“

Brynja útskýrir að litir hafi líka mjög sálfræðileg áhrif. Grænn sé til dæmis mjög róandi litur og henti þess vegna vel í svefnherbergi. Hún segir að í litlum rýmum sé ekki gott að hafa mjög ólíka liti því þeir leiði hugann að því hvað rýmið sé lítið. „Það er betra að hafa meiri harmoníu. En ég til dæmis notaði ég svolítið liti til að hólfa og skipta upp rýminu í bílskúrsíbúðinni. Það er frekar hátt til lofts þar svo mér fannst það koma vel út. Þetta fer allt eftir aðstæðum.“

Litir tengja rýmin

Brynja segir að þó hún skipti rýmum í bílskúrnum upp með ólíkum litum þá noti hún líka svipaða liti til að tengja rýmin. „Það er til dæmis bleikur veggur í stofunni og grænir í svefnherberg-



Svefnherberginu og stofunni er skipt upp með gardinu og sitt hvorum litnum á veggnum. Brynja nota liti til að hólfa og skipta upp rýminu.



Eldhúsinnréttingin er græn og veggurinn bleikur. Brynja notar svipaða liti í eldhúsinu og í stofunni til að tengja rýmin og skapa þannig harmoníu.

inu. Svo er einn veggur í eldhúsinu líka bleikur og eldhúsinnréttingin er græn Ikea-innrétting. Svo er loftið inni á baði grænt og græn fúga milli flisanna. Það skapar harmoníu að tengja litina í öllum rýmum.“

Brynja mælir með því að nota ólíka litatóna til að lifga upp á rými sem eru í hlutlausum lit. „Ólíkir tónar hlið við hlið gera rýmið liflegra og oft fallegra. Núna er ég til dæmis í öðru verkefni sem er svolítið skemmtilegt. Ég teiknaði tvær íbúðir í stórum kjallara á einbýlishúsi. Þar er 220 cm loftrými á flestum stöðum en í annarri íbúðinni er sólskáli sem er með fjögurra metra háu lofti. Borðstofan og stofan eru þar en eldhúsið er í ganginum þar sem er mjög lágt til loft. Þetta er gluggalaust rými svo lýsing skiptir miklu máli,“ segir Brynja.

Hún útskýrir að í rýmum sem þessum sé hægt að nota málningu á skemmtilegan hátt til að láta rýmið virka víðara og herra. „Eitt ráð er til dæmis að vera með aðeins dekkri lit vel fyrir neðan sjónlínuna, aðeins ljósari lit fyrir ofan þar og hafa loftið svo 25% ljósara en veginn. En ef þú ert með skjannahvitt loft, þá geturðu í raun minnkað rýmið því það dekkir veggina. Það skiptir máli.“

Brynja bætir að lokum við að fólk sem komið hefur inn í bílskúrsíbúðina trúir því varla að hún sé ekki nema 30 fermetrar. „Vel hannað rými hefur svo mikil áhrif á það hvernig við skynjum það og getur stækkað það og gert það nota-legra. Það er mikilvægt að spá í það þegar maður hannar óhefðbundin rými eins og bílskúra eða önnur lítil rými fyrir fólk til að búa í.“



GREENSTONE | ©
KÁPURNAR KOMNAR

Fylgið okkur á FB



Skípholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður:

Torg ehf

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sjávarútvegur

MIÐVIKUDAGUR 25. SEPTEMBER 2019

Kynningar: Laxar Fiskeldi



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Simberg



sæplast®

VERKFÆRA
SALAN

Opnar dyr að verðmætum störfum

Fiskvinnsla á Íslandi snýst ekki lengur um vosbúð og erfiðisstörf. Nútíma fiskvinnslur eru hátæknivæddar og krefjast fagþekkingar og kunnáttu. Tækifærin eru mörg og launin góð, eins og aðsókn í Fisktækniskóla Íslands sýnir.

Íslendingar líta enn svolítið niður á sjávarútveginn en átta sig ekki á að vinna við sæ og sjávarfang er alls ekki lengur jafn harðneskjuleg og hún var á árum áður. Íslenskur sjávarútvegur hefur tekið gríðarlegum tækniframförum á undanfönum áratugum og mér finnst ég heppin að vera þátttakandi í þessu virkilega spennandi verkefni og geta fylgst með hraðri framþróun starfsgreinarinnar,“ segir Ásdís Vilborg Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Fisktækniskóla Íslands.

Höfuðstöðvar Fisktækniskólans eru í Grindavík en kennt er víðsvegar um landið, þar á meðal á Sauðárkróki, Dalvík, Höfn, Akureyri og Ísafirði.

„Stærstur hluti nemenda er ungir Íslendingar og bæði kynin sækja í námið. Við vinnum í nánu samstarfi við vinnustaði, framhaldsskóla og heimamenn á hverjum stað og það hefur skilað frábærum árangri. Frá Sauðárkróki hafa yfir 30 nemendur útskrifast og af Tröllaskaganum útskrifuðust 22 nemendur frá Dalvík og Ólafsfirði. Við finnum vel að fólk sé sjálft og fiskvinnslur landsins gera æ meiri kröfur um þekkingu og færni til að vinna störf í hátæknivinnslum og nú þegar ný fiskvinnsla ris á Dalvík er aðsókn í skólann að sama skapi mikil því allir vilja hafa menntun til að hafa forgang að vinnu í sinni heimabyggð,“ útskýrir Ásdís.

Hulinn en spennandi heimur
Fisktækniskóli Íslands tók á móti sínum fyrstu nemendum árið 2012, eftir þriggja ára undir-



Ungir Íslendingar eru einkar spenntir fyrir námi sem mætir fjölbreyttum starfstækifærum í íslenskum sjávarútvegi.



Fiskvinnsla er ekki lengur unnin í kulda og trekki heldur í hátæknibúnaði.

búningsvinnu. Nemendur ljúka tveggja ára grunnnámi á framhaldsskólastigi og skiptist námið í bóklegar og verklegar annir til skiptis.

„Í náminu fræðast nemendur um þau fjölmörgu störf sem fyrir liggja í bláa hagkerfinu, eins og sjávarútvegurinn kallast. Þeir fara inn á mismunandi staði til að kynna sér hvaða störf eru unnin í sjávarútvegi nú til dags, allt frá laxeldi og sjóeldi, hausapurrkun, saltfiskvinnslu, ferskvinnslu til sjós og lands, í söluþyrntækjum og innan hátæknifyrirtækja í fiskiðnaði. Þá fara sumir á sjó og vinsælt er að fara til fiskveiða á línubátum frá Grindavík,“ útskýrir Ásdís.

Hún segir grunnám Fisktækni-

skólans opna nemendum freistandi sýn á áður ókunnar möguleika til starfa í íslenskum sjávarútvegi.

„Sjávarútvegurinn er mörgum hulinn heimur og ekki vanþörf á að kynna hann fyrir ungu kynslóðinni. Í sumar vorum við líka í fyrsta sinn með sjávarauðlinda-skóla um bláa hagkerfið fyrir nemendur 9. bekkjar í Grindavík. Þá fóru krakkarnir um borð í Sæbjörgina og heimsóttu fyrirtæki í sjávarútvegi og kom þeim á óvart hversu margvísleg störf geta beðið þeirra í sjávarútvegi,“ segir Ásdís.

Lykill að góðum störfum

Eftir tveggja ára grunnám við Fisktækniskóla Íslands er hægt að sækja um þriðja námsárið



Ásdís Vilborg Pálsdóttir er verkefnastjóri Fisktækniskóla Íslands.

sem helgast af sérnámi á ýmsum sviðum sjávarútvegs.

„Sérnámið vinnum við í samstarfi við fyrirtæki á almennum markaði eins og gæðastjórnunarnám í samstarfi við Sýni, vinnslutækniþraut í samstarfi við Marel og fiskeldisnám í samstarfi við Hólaskóla. Í framhaldinu hafa nemendur svo farið í sjávarútvegsfræði í Háskólanum á Akureyri, nýsköpunarnám í Háskólanum í Reykjavík eða lært til skipstjóra, stýrimanns eða vélstjóra hjá Tækniskólanum. Námið hjá okkur opnar því nemendum nýja sýn og tækifæri til að inna af hendi verðmæt störf innan íslensks sjávarútvegs,“ segir Ásdís.

Hún segir sérnám Fisktækniskóla Íslands einstaklega spennandi valkost.

„Vinnslutækninámsskeiðið hjá Marel er ótrúlega flott nám. Með aukinni tækjavæðingu hafa margar fiskvinnslur komið sér upp fullkomnum vinnslulínum, tækjum og hugbúnaði til fram-

leiðslustýringar. Vinnslurnar eru orðnar hátæknivæddir vinnustaðir sem þurfa á starfsfólki með þekkingu að halda til að stýra þessum búnaði og tækjum til að hámarka afköst, samtímis því að halda góðum gæðum. Við undirrituðum líka nýlega samstarfssamning við Arnarlax sem í verða vonandi allar fiskeldisstöðvar landsins og þar munu nemendur í sjóeldi læra um vinnureglur við slíkar vinnslur, hvernig á að fæða fiskinn, líffræði, um búnað og tæki, og alla mögulega þætti. Þetta er skemmtilegt verkefni að fyrirmynd Norðmanna og leggur Björn Hempel, framkvæmdastjóri Arnarlax, mikla áherslu á að námið sé með svipuðu sniði og Norðmenn hafa til að starfsmenn fyrirtækisins séu menntaðir á því sviði sem þeir vinna við og geti skilað sem bestu frá sér.“

Þekking mikilvæg og dýrmæt

Ásdís segir sjávarútveg vera séríðnað sem krefjast heildarþekkingar.

„Það er líðin tíð að fólk gangi inn í fiskvinnslur af götunni, ekki frekar en að aðrir færu í önnur iðnaðarstörf án þess að læra til þeirra fyrst. Í dag er hún hátæknivinnsla á heimsmarkaðum og öll erfiðisstörf í fiskvinnslu eru að hverfa,“ segir Ásdís sem í Fisktækniskólanum hefur verið í samstarfi við fiskvinnsluskóla í Noregi og Danmörku undanfarin sjö ár.

„Þar vinnur enginn í sjávarútvegi án þess að hafa réttindi til þess. Breytingarnar eru orðnar svo miklar og hraðar að ekki veitir af fag- og tækniþekkingu til að geta unnið sem best úr afurðinni,“ upplýsir Ásdís.

Um síðustu áramót tók Fisktækniskóli Íslands við námi í netagerð.

„Kennsla í veiðarfæratækni hafði legið niðri um langa hríð og þekkingin var að týnast niður. Því var gert átak í að uppfæra námið og nú er hægt að taka það í fjarnámi þótt verknámið fari fram á starfsstöðvum um land allt. Margir hafa kosið að taka sérgreinar í fjarnámi og gleðilegt að segja frá að nú stunda um 30 manns nám í netagerð við skólann,“ segir Ásdís.

Hún segir eftirspurn til náms í Fisktækniskólanum mjög góða.

„Til að byrja með voru nemendur í eldri kantinum en nú fjölmennar ungir nemendur í námið enda sjá þau með því kærkomin tækifæri til að komast inn í bláa hagkerfið og þann spennandi heim sem sjávarútvegurinn er. Laun í sjávarútvegi hafa alltaf verið góð og umhverfið eru ekki lengur kuldi, trekkur og vosbúð heldur tæknivæddur og spennandi heimur að vinna í.“



Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfélaganna
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á www.sjomennt.is



Sjómennt

Guðrúnartún 1 • 105 Reykjavík

Sími 599 1450

sjomennt@sjomennt.is



Gauri Halldórsson.


Starfsfólk Laxa starfar í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins og öflugt eftirlit tryggir að öllum reglum sé fylgt.

Sjálfbær framleiðsla á hágæða laxi

Laxar Fiskeldi framleiðir mörg þúsund tonn af laxi á ári hverju. Fyrirtækið leggur áherslu á umhverfisvæna og sjálfbæra framleiðslu og starfrækir öflugt innra eftirlit til að tryggja góð vinnubrögð.

Laxar Fiskeldi ehf. er fiskeldisfyrirtæki sem framleiðir hágæða lax fyrir kröfuhörustu markaði heims bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Fyrirtækið starfrækir þrjár seiðaeldisstöðvar í Ölfusi og sjókvíaelði í Reyðarfirði. Á þessu ári framleiðir fyrirtækið 6.000 tonn af laxi, en á næsta ári er fyrirhugað að framleiða að minnsta kosti 9.000 tonn. Öll vinnsla og þökkun afurða fer fram hjá Búlandstindi á Djúpavogi, en Búlandstindur er að hluta í eigu Laxa Fiskeldis og þar starfa um 60 manns.

„Á undanförunum árum hefur félagið fjárfest fyrir um 7-8 milljarða í uppbyggingu þess í Ölfusi og í Fjarðabyggð,“ segir Jens Gardar Helgason, framkvæmdastjóri Laxa. „Þetta eru umfangsmiklar fjárfestingar í fyrsta flokks búnaði, fullkomnum fódurpramma og fódurbúnaði, vottaðar og verðlaunaðar eldiskvíar frá Aqualine, skipum og margt fleira. Við leggjum mikla á áherslu á að



Laxar Fiskeldi starfrækir þrjár seiðaeldisstöðvar í Ölfusi og sjókvíaelði í Reyðarfirði.

vera með besta mögulega búnað sem völ er á.“

Um miðjan september hófst slátrun hjá fyrirtækinu á Djúpavogi. „Slátrud verður um 4.000 tonnum af laxi fram til áramóta en fyrsta slátrunin hjá okkur hófst í lok ágúst á síðasta ári. Fiskurinn hefur vaxið vel hjá okkur og við erum að standast öll okkar áform um hágæða vöru. Við reiknum með að ársframleiðsla okkar í ár verði um 6.000 tonn,“ segir Jens.

Búnaður og fódur er fyrsta flokks

„Laxar Fiskeldi leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og að starfsemi félagsins uppfylli öll skilyrði umhverfissjónarmiða. Markmið okkar er að bjóða upp á hágæða vöru framleidda með þekkingu og sjálfbærni að leiðarljósi,“ segir Jens. „Við sjáum til þess að starfsemi sé sjálfbær og að umhverfis- og öryggismál séu í forgangi að öllu leyti.

Við notum sjálfbærnivottað



Jens Gardar Helgason framkvæmdastjóri segir að markmið Laxa sé að bjóða upp á hágæða vöru framleidda með þekkingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

fóður frá Skretting, en það er hágæðafóður sem tryggir að laxinn vex og dafnar í næringarríka hágæðavöru sem er framleidd af virðingu og í sátt við umhverfið,“ segir Jens. „Við notum eingöngu fyrsta flokks hráefni og við notum hvorki nein sýklalyf né erfðabreytt hráefni.“

Öflugt innra eftirlit

„Reynt og vel þjálfað starfsfólk Laxa starfar í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins og allir, hvort sem það er starfsfólk, verktakar eða gestir, þurfa að fara eftir öryggisreglum fyrirtækisins,“ segir Jens. „Alls starfa um fjórutíu

manns hjá fyrirtækinu, að frátöldum starfsmönnum sláturstöðvarinnar hjá Búlandstindi.

Hjá okkur er starfrækt öflugt innra eftirlit með allri starfsemi fyrirtækisins, þar sem fylgst er með öllum verkferlum og séð til þess að þeir standist yfstrustu kröfur um hreinlæti, gæði, umhverfisvernd, fagmennsku og ábyrgð,“ segir Jens.

Við hjá Loxum erum stolt af því að starfa við atvinnugrein sem eykur enn frekar sjálfbæra byggðafestu, leggur sitt af mörkum til gjaldyrissköpunar og framleiðir hágæða matvæli með lágsta kolefnisspori sem til er.“



STÖÐUG VÖRUPRÓUN

*er kjarninn sem
við byggjum á*

*Við erum í Laugardalshöll á
“Iceland Fishing Expo”
Sjávarútvegur 2019
og sýnum þar í fyrsta skipti
ljósleiðarakapalinn*

DYNICE
OPTICAL DATA

**25. - 27.
september**

**Sýningarsvæði
A-6**

HAMPIÐJAN
www.hampidjan.is

Veiðarfæri eru okkar fag

NIKE GOLF

GOLF STREAM

Lynx

Callaway
GOLF

CATMANDOO

PROQUIP
Ahead of the Game

ODYSSEY

Golfbrautin

GOLFVERSLUN

VERSLUNIN HÆTTIR

Allt að

70% AFSL.

RÝMINGARSALA



Opið:
Virka daga
10-18
Laugardaga
11-15

Ármúla 40 • Sími 553 9800 • www.golfbrautin.is

Bílar & Farartæki



Suzuki mótörhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkarí.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Atvinna

LIND FASTEIGNASALA

Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is



FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

Tilkynningar



Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt haustið 2019

Íslenskupróf vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt verða næst haldin á
Akureyri 19. nóvember – kl. 13.00,
Ísafirði 20. nóvember – kl. 13.00,
Egilsstöðum 21. nóvember – kl. 13.00
og í **Reykjavík** 25. til 29. nóvember bæði kl. 09.00 og 13.00.

Skráning hefst í dag og fer fram með rafrænum hætti á www.mimir.is

Síðasti skráningardagur er **4. nóvember**. Prófgjald er 35.000 kr.

Útlendingastofnun

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.

Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.

Hjörleifur Björnsson
skrúðgarðyrkjufraeðingur
s:662-6625

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málara

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Þjónusta

Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Húsviðhald

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skómmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@hotmail.com

Önnur þjónusta



Demparar - Styrkur - Ending

Fyrir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.
Sími: 480 0000. www.aftvelar.is

Keypt & Selt

Til sölu

HITAVEITU-SKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS

HÖFDABAKKA 1
SÍMI 777 2000

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skiplótt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003



Hjálparstarf kirkjunnar

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Upplhjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Helgarafleysingar vantar á Hreyfilsbíl, helgina 27-29 september. Mazda 6. Uppl. S:896-2410 Helgi.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



ÞÖKKUM FYRIR FRÁBÆRT SUMAR - SJÁUMST Á VERK OG VIT 2020

Plettac vinnupallar - Protekt fallvarnarbúnaður Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

Útlitið mjög svart í hruninu

Svava segir að stærstu áskoranirnar á ferlinum hafi tengst fjármálahruninu og afleiðingum þess.

„Útlitið var mjög svart í hruninu. Við vorum með 140 birgja og gátum ekki greitt neina reikninga í gegnum bankakerfið. Þá þurftum við að fara út og semja við hvern og einn. Við sögðum að bankarnir væru lokaðir og að þótt við ættum pening að þá gætum við ekki greitt þeim. Þetta fannst fólki skrítið,“ segir Svava.

„Við fórum margar ferðir út og sömdum og sömdum. Á endanum voru allir nema einn eða tveir sem stóðu með okkur og þannig náðum við að halda samningunum og fresta greiðslu reikninga. Þetta kenndi mér heilan helling. Þegar maður lendir í svona aðstæðum kemur í ljós hverjir eru að vinna með þér og

hverjir ekki.“

Þá hækkuðu skuldir NTC verulega í kjölfar bankahrunsins. Árið 2008 höfðu skuldirnar hækkað úr rúmum 550 milljónum króna í 1.450 milljarða og eigið fé var orðið neikvætt um 484 milljónir.

„Ein stærsta áskorunin var að finna út úr því hvernig maður átti að reka fyrirtæki með erlend lán sem næstum því þrefölduðust. Ég horfði á þetta og hugsaði að það væri ekki fræðilegur möguleiki á að ég gæti borgað peninga út úr þessum rekstri,“ segir Svava.

Skuldastaðan batnaði hins vegar verulega þegar ólögleg erlend lán voru leiðrétt í samræmi við niðurstöðu dómstóla. NTC fékk leiðréttingu á lánunum og lækkuðu skuldirnar þá niður í 470 milljónir. Síðan þá hafa skuldir félagsins lækkað og nema um 380 milljónum í dag.

Þarf að vera á tánum

Í Bretlandi hafa stórar rötgrónar verslanakeðjur á borð við Debenhams átt undir högg að sækja. Sérðu einhver líkindi með stöðunni á breska markaðinum og þeim íslenska?

„Ég hef verið mikið í Bretlandi og þegar ég sé hvernig komið er fyrir stórverslunum á borð við Debenhams, af því þú nefnir þá verslun, þá verð ég ekki hissa. Ég hef aldrei skilið þetta konsept. Þetta er óspennandi verslun, svona hálfkák að mínu mati. Við hjá NTC störfum við að hjálpa fólki að setja saman fallegan fatnað og finna út með nálgun og spjalli við viðskiptavinum hvað hentar hverjum og einum best. Við gerum það með mjög mismunandi hætti þar sem við erum með ólíkar verslanir.

Ef við tölum hins vegar um aðrar og vel heppnaðar stórverslanir má nefna Selfridges sem er alltaf að bæta sig með nýjum, spennandi merkjum – opna nýja veitingastaði innandyra og býður upp á mjög góða þjónustu. Þú þarft ávallt að vera á tánum. Þessi bransi gengur út á það og að vekja athygli fólks á einhverju nýju í bland við það sem er klassískt og nauðsynlegt. Ég segi bara: Ef maður ætlar að lifa af, þá verður maður að leggja sig fram við það sem maður er að gera, dag og nótt. Vera vakandi og fá ávallt nýjar hugmyndir. Þjóða fólki upp á einhverja upplifun þegar það heim-sækir mann. Ef þú ert bara allt í lagi, þá gerist ekki neitt, en ef þú ert einn af þeim bestu, þá muntu uppskera eftir því. Það er alltaf hægt að finna árangursríkar leiðir.“

Sænska verslanakeðjan H&M opnaði sína fyrstu verslun hér á landi haustið 2017 og stefnir nú á að opna fjórðu verslunina á Akureyri.

Það var ekki jafnmikil spennan í kringum opnun H&M og við bjuggumst við. Kannski héldu þeir að þeir væru nógu sterkir á markaðinum til að geta skapað spennu.

Á síðasta ári seldi H&M vörur fyrir tæplega 2,4 milljarða hér landi en það var fyrsta heila rekstrarár fyrirtækisins frá því að það hóf starfsemi hér á landi.

Hefur innkoma H&M á markaðinn haft áhrif á ykkar rekstur?

„Nei, ekki nema þau áhrif að fleira fólk kemur í verslunarmiðstöðvarnar sem er mjög gott mál. Það var ekki jafnmikil spennan í kringum opnun H&M og við bjuggumst við. Kannski héldu þeir að þeir væru nógu sterkir á markaðinum til að geta skapað spennu í kringum opnunina. Við sáum til dæmis mun meiri spennu í kringum opnun Lindex í Smáralind 2011. Ég hef aldrei séð annað eins. Þar var tímasetningin og markaðssetningin alveg til fyrirmyndar. Hitti gjörsamlega í mark.“

Og allt í einu var ekki jafn spennandi að kaupa í H&M þar sem margir keyptu fót í H&M erlendis vegna

þess að þau fengust ekki heima. Við erum bara svona þjód. Við elskum McDonald's í útlöndum en það gekk ekki á Íslandi.

Þegar svona samkeppni kemur á markaðinn þarf maður bara að vera vakandi. Á þessum tíma var í gangi merkjatíska með stórum lögum framan á flíkum. Við vorum byrjuð að undirbúa merkjatískuna, gáfum í og það gekk mjög vel.“

Hverjir veita ykkur helst samkeppni? Eru það innlend smásölu-fyrirtæki eða erlendar keðjur?

„Helsta samkeppnin eru bæði erlendar verslanir sem og innlendar. Erlendar netsíður veita okkur mjög mikla samkeppni, það eru þó ekki allar netverslanir sem selja til Íslands. Kringlan er að fara af stað með netsölu frá Kringlan.is og þá er viðskiptavinur tengdur beint inn á síðu viðkomandi verslunar þar innandyra. Það verður spennandi að sjá hvernig hún fer af stað.“

Ný netverslun í pípunum

Hvernig stendur NTC í netverslun?

„Við höfum verið dálítið aftarlega á merinni þegar kemur að netverslun og sú netverslun sem við erum með í dag byggist á allt of mikilli handavinnu. Hins vegar erum við að fara af stað með nýja netverslun sem byggir á nýju kerfi sem er þannig að við seljum beint úr búðunum,“ segir Svava. Aðspurð segir hún að upphaflega hafi nýja netverslunin átt að komast í gagnid í haust en vegna byrjunarörðugleika sé nú stefnt að því að opna hana fyrir júlín. Það verður GK-REYKJAVÍK.is.

Þá segist hún ekki eiga von á því að selja mikið erlendis í gegnum netið til að byrja með. „Ekki nema til Færeyja vegna þess að Færeyingar hafa verið að versla dálítið við okkur,“ segir Svava. „Við verðum líka að horfa á netverslunina sem sýningarglugga. Fólk fer á netið, tekur skjáskot af einhverri flik og kemur síðan í verslunina til að mæta hana. Það er mismunandi hvernig fólk vill versla.“

Hvernig sérðu fyrir þér að tiskuvörugirinn þróist með árunum? Verður allt selt á netinu?

„Það að versla á netinu er ekki félagslegt og þess vegna trúir ég því að fólk muni halda áfram að koma í verslanir til að fá góða þjónustu. Við leggjum til dæmis mikið upp úr því að bjóða fólki upp á kaffi, og síðan jafnvel bjór eða hvítvín á föstudögum og laugardögum. Við viljum að þú upplifir góðar móttökur þannig að þér líði vel og þannig að þú farir brosandir úr búðinni. Kannski ertu á leiðinni í fint boð og þarft kjól eða jakkaföt. Þá viltu þjónustu og ráðleggingar sem tölva getur ekki gefið. Í nýju GK versluninni er til dæmis flest starfsfólkið fátahönnuðir eða textilhönnuðir. Þetta er fólk sem hefur vit á því hvað það er að tala um í sambandi við efni og snið.“

Ég veit að þróunin er hröd. Net-

verslun stækkar og stækkar, og hún mun halda áfram að stækka. Þess vegna erum við að setja meira púður í netverslunina okkar en ég hef reynt að vera á bremsunni með það vegna þess að ég vil fá fólk inn í verslunina.“

Sautján er grunnurinn

NTC er byggt á grunni heildsölu sem var stofnuð um miðja síðustu öld en verslunarrekstur hófst árið 1976 þegar verslunin Sautján var opnuð á Laugavegi 46. Hefur félagið verið rekið á sömu kennitölunni síðan þá. Aðkoma Svövu hófst 1981 þegar hún var 17 ára nemandi í Verzlunarskólanum og kynntist Bolla Kristinssyni sem hafði opnað Sautján á Laugaveginum. Skömmu síðar var hún komin á fullt í rekstrinum.

„Að vera í skóla og sinna verslun á sama tíma var ekki mikið mál fyrir mig þá. Ég hafði endalæsa orku og þurfti lítinn svefn. Það gekk mjög vel í byrjun, vörurnar seldust upp hratt og við þurftum að hleypa inn í hollum um helgar. Fljótlega stækkuðum við fyrstu búðina upp á tvær hæðir í staðinn fyrir eina og síðan vorum við með verksmiðju á þriðju hæðinni og bjuggum á fjórðu. Við opnuðum aðra verslun í Kringlunni þegar hún var opnuð 1987 og ég man hvað mér fannst æðislegt að hafa svigrúmið til að geta fært vörur á milli. Síðan var þetta þannig að um leið og eitthvað gekk vel í Sautján opnuðum við sérverslun í kringum það. Sautján er grunnurinn að NTC,“ segir Svava.

Verslunum NTC fjölgaði og þegar mest lét voru þær hátt í 20 talsins. NTC, sem starfrækir 14 verslanir í dag og hefur um 140 starfsmenn, er leiðandi í innflutningi, framleiðslu, heildsölu og smásölu á tiskufatnaði á Íslandi. Svava keypti Bolla út úr fyrirtækinu árið 2005 og á og rekur fyrirtækið í dag ásamt manni sínum Birni K. Sveinbjörnssyni.

Hver var lykillinn að því að ná árangri í þessum geira?

„Ég myndi segja að það hafi verið endalæus vinna og óbilandi áhugi. Þetta voru líka öðruvísi tímar. Fyrst var engin Kringla og tiskuvöruverslanir voru fáar miðað við í dag. Svo strax í byrjun vorum við mjög heppin með starfsfólk og það mynduðust fljótt sterkar stóðir undir fyrirtækinu. Við höfum verið með sama starfsfólkið í mörg ár og það hefur mikið að segja.“

Þetta er búid að vera skemmilegt ferðalag og það hafa verið margar áskoranir á leiðinni sem við höfum þurft að takast á við. Í rauninni lærir maður alla daga að reyna að finna nýjar leiðir ef hlutirnir ganga ekki upp. Auðvitað mætir maður ýmsu sem erfið er að takast á við en með því að finna leið sem virkar eflir maður sjálfstraustið og það er eitt-hvað sem hver einasti maður hefur gott af.“

slunum samstæðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tekjulágs launafólks. Áherslan á lága verðbólgu og lægri vexti er líka mjög mikilvæg. Það hjálpar bæði fyrirtækjum og heimilum. Vextir hafa lækkað um 1 prósent á árinu sem er heilmikið og ef horft er áfram í sömu átt og vextir verða lækkaðir um annað prósent þá fer fólk virkilega að finna muninn. Mér fannst einnig nauðsynlegt að sjá tryggingagjaldið lækka enn frekar.“



Ekkert mál hjá Vodafone

Það skiptir okkur máli að vera í góðu sambandi 24 tíma sólarhringsins. Ég þarf bara að biðja um það sem þarf og Vodafone sér um restina.

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?



vodafone
fyrirtæki

Sterkt og gott samband



Dagurinn alltaf betri eftir hugleiðslu

Svipmynd

Vilborg Helga Harðardóttir

Nám:

BA í sálfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá Háskólanum í Reykjavík.

Störf:

Forstjóri Já hf.

Fjölskylduhagir:

Gift Davíð Haukssyni, eigum saman þrjú börn, Emil 15 ára, Steinunni Ástu 12 ára og Hauk Tuma 5 ára.

Vilborg Helga Harðardóttir var ráðin forstjóri upplýsingafyrirtækisins Já hf. í byrjun árs en hún hefur meira en þrettán ára reynslu af störfum fyrir félög innan samstæðunnar. Vilborg Helga segir að síðustu mánuðir í nýju hlutverki hafi einkennst af margvíslegum áskorunum og að fram undan séu spennandi tímar.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Síðustu ár hefur vinna og nánasta fjölskylda átt stærstan hluta tíma míns. Minar uppáhaldsstundir eru samtöl við fólkið í kringum mig um líf þess og það sem á því brennur og mér finnst fátt meira gefandi en að vera treyst fyrir því. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á fólki, reynslu þess og hugarheimi og leiddi það mig uppahaflega í sálfræðinámið. Ég hlusta mikið á tónlist og sækir í hana þá orku sem ég þarfnast hverju sinni, hvort sem það er ró, kraftur eða fjör. Góðir tónleikar eru toppurinn, sér í lagi ef tónlistarfólkið segir frá sjálfu sér og sögunni á bak við lögin.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Yfirleitt er ég á síðustu stundu út úr húsi á morgnana. Tvö snús og vaninn að skoða tölvupóst og taka rúnt á helstu samfélags- og fréttamiðlum áður en ég fer á fætur á líklega stóran þátt í því. Við hjónin tryggjum í sameiningu að allir fái hafragraut og komist á sína staði á réttum tíma – í sannleika sagt samt meira hann en ég þótt ég leggi mitt af mörkum. Dagurinn verður svo alltaf betri þegar ég nær stuttri hugleiðslu áður en ég held af stað út í daginn.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Tvær eftirminnilegustu bækur



Vilborg Helga segir að góðir tónleikar séu toppurinn, sér í lagi ef tónlistarfólkið segir frá sjálfu sér og sögunni á bak við lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

Í dag kemur langstærstur hluti tekna frá vörum og þjónustu sem voru ekki hluti af vöruframboðinu við stofnun.

sem ég hef lesið eru Karítas án titils eftir Kristínu Marju Baldursdóttur og Sagan af Ástu eftir Jón Kalman Stefánsson. Þær hreyfðu báðar mikið við mér og þá síðari langaði mig að byrja að lesa strax aftur um leið og síðustu blaðsíðu lauk. Nú rúmu ári síðar kemur hún enn oft upp í huga mér. Annars hef ég

undanfarið verið með þrjár bækur á víxl í eyrunum sem allar geyma einhverja gullmola. Þetta eru Dare to lead eftir Brené Brown, The subtle art of not giving a f*ck eftir Mark Manson og Why we sleep eftir Matthew Walker. Ég verð reyndar svo hrædd í hvert sinn sem ég hlusta á Why we sleep að ég er ekki viss um að ég klári hana, en mun gera mitt besta hér eftir til að fá nægan svefn.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni hjá þér á síðustu mánuðum?

Það er í grunninn krefjandi að takast á við nýtt starf og aukna ábyrgð. Síðustu mánuðir í nýju hlutverki hafa einkennst af margvíslegum áskorunum og á tímum mjög erfiðum ákvörðunum. Fyrst og fremst hefur þetta þó verið afar lærdómsríkur tími með einstöku samstarfsfólki.

Hvernig hefur rekstrarumhverfi

Já breyst og hvernig hefur fyrirtækið tekist á við breytingarnar?

Breytingar í tækni, notendahegðun og samkeppnisumhverfinu hafa gjörbreytt rekstrarumhverfi félagsins. Stafræn umbreyting hófst strax við stofnun árið 2005 og kemur í dag langstærstur hluti tekna frá vörum og þjónustu sem voru ekki hluti af vöruframboðinu við stofnun. Hjá fyrirtækinu hefur alltaf verið hugrekki til að takast á við breytingar og er lögd rik áhersla á nýsköpun, virka þátttöku starfsfólks í þróunarverkefnum og nýtingu nýjustu tækni. Með stefnuna okkar að leiðarljósi, að auðvelda notendum viðskipti, samskipti og ákvarðanatöku, þróum við allar okkar vörur og þjónustu.

Hvaða tækifæri sérðu fram undan hjá Já?


Já hf. á og rekur fjögur vörumerki; Já, Gallup, Leggja og Markaðsgrain-

ingu. Það eru skemmtilegir tímar fram undan og unnið að spennandi tækifærum fyrir þau öll. Svo dæmi sé tekið eru mikil tækifæri í nýju Já appi sem verið var að gefa út. Það felur í sér frábæra nýjung, svokallaða Vöruleit. Til viðbótar við fyrri þjónustu Já.is býðst notendum nú að leita að vörum frá öllum íslenskum vefverslunum á einum stað. Þar er að finna tæplega 600.000 vörur frá um 500 vefverslunum og fæst þægilegt yfirlit yfir hvar vara fæst og hvar er besta verðið. Með auðveldum hætti má einnig ganga frá kaupum og setja vörur á óskalista til finna þær fljótt síðar eða deila með vinum og vandamönnum.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Reynslunni ríkari að sinna verkefnum sem ég hef gaman af með góðu og hæfileikaríku fólki, og að nýta hvert tækifæri til góðrar samveru með fjölskyldu og vinum.

Óplægður akur í fjármögnun fyrirtækja



Kári Finnsson
viðskiptastjóri
hjá Creditinfo

Hröd tækniþróun síðustu ára hefur gert öflun og umsýslu gagna sjálfvirka vegna lán-töku einstaklinga. Á stuttum tíma hafa einstaklingar öðlast aukna möguleika þar sem lánsfjármagn er aðgengilegt á skömmum tíma, sem dæmi í gegnum farsíma. En hvað er því til fyrirstöðu að fyrirtæki geti fengið jafn skjótan aðgang að lánsfjármagni og einstaklingar? Af hverju eru ekki jafn mörg fjárfækni fyrirtæki að þjónusta fyrirtæki eins og einstaklinga?

Takmörkuð ábyrgð

Lánveitingar til fyrirtækja eru alla jafna áhættumeiri en lánveitingar til einstaklinga. Fyrirtæki starfa flest undir takmarkaðri ábyrgð, það þýðir að eigendur eru ekki per-

sónulega ábyrgir fyrir skuldum fyrirtækisins. Einstaklingar eru persónulega ábyrgir fyrir skuldum sínum og hafa því meiri hvata til að greiða þær upp.

Takmörkuð ábyrgð hvetur til þess að einstaklingar geti tekið áhættu í stofnun fyrirtækja án þess að þeir leggi lífsviðurværi sitt undir. Þetta fyrirkomulag ýtir undir að einstaklingar sjái sér hag í að stofna til fyrirtækjareksturs en það eykur áhættuna fyrir lánveitendur.

Flókinn rekstur

Annað atriði sem greinir lánveitingu til fyrirtækja frá lánveitingu til einstaklinga er að fyrirtækjarekstur er yfirleitt flóknari en rekstur heimilis. Það eru fleiri þættir sem ráða úrslitum þegar kemur að farsælum rekstri fyrirtækja og því gera lánveitendur kröfur um ítarleg gögn um rekstur fyrirtækis áður en þeir heimila lánveitingu. Dæmi um slík gögn er viðskiptaáætlun, ársreikningar, itarupplýsingar um þær vörur eða þjónustu sem fyrirtækið selur auk upplýsinga um eigendur og stjórnendur. Einnig eru

Fyrirtæki hafa opnað fyrir aðgang að bókhaldskerfum sínum til að sýna útistandandi kröfur og aðgang þeirra að viðskiptakerfum eins og Amazon og Ebay til að sýna rauntímaupplýsingar um viðskipti.

lánveitingar til fyrirtækja hærri og krefjast ítarlegri yfirferðar en einstaklingslán. Það útskýrir að einhverju leyti af hverju fleiri fjárfækni fyrirtæki hafa sprottið upp á sviði lánveitinga til einstaklinga heldur en til fyrirtækja.

Í dag eru það helst hefðbundnar bankastofnanir sem veita fyrirtækjum lánsfjármagn. Ákvarðanir um slíkar lánveitingar eru teknar út frá löngu og traustu viðskiptasambandi, yfirleitt með veði í kröfum

eða eignum. Þetta fyrirkomulag er enn mjög mannaflsrekt og krefst ítarlegrar gagnasöfnunar.

Tækifæri

Ýmis tækifæri eru til staðar til að auðvelda lánveitingu til fyrirtækja. Á sama tíma og fyrirtæki eru flóknari í rekstri þá eru til meiri gögn um þau en einstaklinga. Þar að auki hefur tækniþróun síðustu tveggja áratuga leitt til þess að flest þessara gagna eru aðgengileg með sjálfvirkum hætti, oftast en ekki í gegnum vefþjónustur (API). Vefþjónustur auðvelda gagnaflutninga á milli ólíkra kerfa og gera forriturum kleift að safna saman miklum upplýsingum á örskömmum tíma.

Nú þegar er hægt að safna saman upplýsingum úr ársreikningum fyrirtækja, lánshæfi þeirra og greiðsluhegðun til að styðja við ákvörðun um lánveitingu. En einnig er hægt að nýta önnur gögn við slíka ákvarðanatöku.

Fjölbreyttar gagnalindir

Dæmi eru um að erlend fyrirtæki hafa nýtt fjölbreyttar gagnalindir til að styðja við lánveitingu til fyrir-

tækja. Fyrirtæki hafa opnað fyrir aðgang að bókhaldskerfum sínum til að sýna útistandandi kröfur og aðgang þeirra að viðskiptakerfum eins og Amazon og Ebay til að sýna rauntímaupplýsingar um viðskipti. Önnur fyrirtæki hafa opnað á viðskiptamannakerfi sín (CRM) og enn önnur á upplýsingar úr Google Analytics til að gefa mynd af heim-sóknum viðskiptavina á vefsvæði fyrirtækja.

Svo gæti einnig orðið að fyrirtæki opni í auknum mæli á lánveitingar sem viðbótarþjónustu við núverandi starfsemi. Dæmi um slíkt er nýlegt útspil greiðslu-miðlunarfyrirtækisins Stripe. Þeir bjóða viðskiptavinum sínum upp á lán þar sem kjörin markast af sölu þeirra eins og hún endurspeglar í kerfum Stripe. Þannig nýtir Stripe eigin gagnalindir til að liðka fyrir fjármögnun sinna viðskiptavina.

Erfitt er að segja til um hvort þessum nýju aðilum takist að takmarka áhættuna nægilega sem felst í lánveitingu til fyrirtækja en það verður spennandi að fylgjast með hvernig þetta svið mun þróast eftir því sem að tækninni fleygir fram.

Einn af tíu stærstu samningum Völku

Horft er til þess að Valka vaxi um 20-30 prósent á ári á næstu árum. Vöxturinn, sem var 80 prósent í fyrra, hefur verið fjármagnaður með nýju hlutafé en ekki lánsfé. Valka seldi norsku fyrirtæki, sem er í eigu stórrar samstæðu, tækjabúnað fyrir 550 milljónir króna.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Valka hefur selt norska sjávarútvegsfyrirtækinu Båtsfjordbruket sjálfvirka vinnslulínu fyrir um fjórar milljónir evra, jafnvirði um 547 milljóna króna. Um er að ræða tvöfalda vinnslulínu til þess að snyrta, skera, dreifa og pakka fullnum fiskafurðum.

„Við höfum vaxið hratt á undanförunum árum en þetta er einn af tíu stærstu samningum sem við höfum gert,“ segir Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völku, í samtali við Markaðinn.

„Við vonumst til þess að samningurinn leiði til enn frekari sölu á næstu árum því Båtsfjordbruket tilheyrir sjávarútvegssamstæðunni Insula. Í þessum rekstri þarf að byggja upp gott samstarf við viðskiptavinum og gæta þess að tækin skili því sem lofað var. Takist það koma viðskiptavinir aftur og aftur.

Þannig var málum háttáð þegar ritad var undir stærsta samning Völku til þessa sem var við Samherja. Upphaflega keypti fyrirtækið af okkur einn þökkunarflokkara en svo keypti það æ fleiri vélar af okkur. Loks var samið um að reisa stóra fiskvinnslu á Dalvík auk uppfærslu á vinnslunni hjá Útgerðarfélagi Akureyringa,“ segir hann.

30 til 40 prósent vöxtur

Tekjur Völku jukust um 80 prósent á milli ára og námu 2,3 milljörðum króna árið 2018. Hagnaðurinn óx úr 28 milljónum króna í 144 milljónir. Helgi segir að vöxturinn stefni í 30 til 40 prósent í ár. Vöxturinn á milli árunna 2016 og 2017 var frekar lítill vegna tafa í framleiðslu og því megi segja að vöxtur fyrir tvö ár hafi komið fram á síðasta ári.

„Valka er enn tiltölulega lítið fyrirtæki á markaðnum, hér starfa um hundrað manns. Stefnt er á að vaxa um 20 til 30 prósent á ári á næstu árum. Eftirspurn eftir vörum okkar er mikil og við erum að leitast við að auka framleiðsluna eins hratt og hægt er. Lykiláhersla hjá okkur er að byggja upp þjónustuna hraðar en aðra þætti svo við getum ávallt tryggt góða þjónustu,“ segir Helgi.

„Valka, sem stofnað var árið 2003, hefur vaxið hratt frá árinu 2012 þegar við kynntum nýjar skurðarvélar til leiks. Fram að þeim tíma voru sveiflur upp og niður í tekjum. Með skurðarvélinni fundum við syllu þar sem við erum einfaldlega best í heimi. Það er mikil eftirspurn eftir henni enda fer krafan um beinlausan fisk sífellt vaxandi.

Enn fremur hefur launakostnaður farið vaxandi á okkar lykilmörkuðum, sem eru Ísland og Noregur. Til þess að reka fiskvinnslu á þessum svæðum þurfa fyrirtækin að tækni-væðast. Annars verða þau ekki samkeppnishæf. Það má því segja að við séum að tryggja undirstöður fiskvinnslu í landinu. Við höfum sömuleiðis þróað mikið af búnaði í kringum skurðarvélina sem við seljum til viðbótar með hverri vél,“ segir hann.

Strandhögg í Noregi 2008

Valka samdi við umboðsmann í Noregi á árunum 2008-2013 og stofnaði eigið útibú þar í landi árið 2014. „Fiskvinnsla er umsvifamikil í Noregi en engu að síður senda Norðmenn mikinn fisk úr landi til frekari vinnslu vegna háa launakostnaðar. Það eru því mikil tækifæri til staðar þar.

Það er óumhverfisvænt að frysta



„Með skurðarvélinni fundum við syllu þar sem við erum einfaldlega best í heimi,“ segir Helgi Hjálmarsson, stofnandi Völku. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN


Það hvíla engar vaxtaberandi skuldir á Völku sem merkir að fyrirtækið stendur sterkum fótum.

heilan fisk, senda til Kína til frekari vinnslu og flytja aftur til Evrópu til sölu. Okkar markmið er að stuðla að aukinni umhverfisvernd með því að framleiða tæki svo hægt sé vinna fiskinn í meira mæli þar sem veiðin fer fram þrátt fyrir herra launastig,“ segir Helgi.

Fjármagnað með hlutafé

Hlutafé Völku var aukið um 325 milljónir króna árið 2018 og 153 milljónir króna árið áður. „Hlutafé hefur verið aukið eftir því sem það þarf að binda meira fé í rekstrinum samhliða vexti. Það krefst fjármagns að vaxa en sjóðstreymið hefur verið jákvætt um nokkurra ára skeið. Reksturinn hefur verið fjármagnaður með hlutafé í stað lánsfjár. Það hvíla engar vaxtaberandi skuldir á Völku sem merkir að fyrirtækið stendur sterkum fótum,“ segir Helgi. Eigið fé fyrirtækisins var einn milljarður króna við árslok og eiginfjárlutfallið 64 prósent.

Í upphafi árs 2018 seldu Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Frumtak 37 prósent hlut í félaginu að mestu til annarra hluthafa og svo kom Ice Tech ehf., fjárfestingarfélag í eigu Samherja, inn í hluthafahópinn í lok þess árs er það keypti 20 prósent hlut. Helgi á 16 prósent hlut, Vogabakki sem er í eigu Árna Haukssonar og Hallbjörns Karlssonar á um 15 prósent hlut og Fossar sem er í eigu Sigurbjörns Þorkelssonar á um 12 prósent hlut. Fjórmenningarnir voru saman í verkfræðinámi við Háskóla Íslands. „Allir fjárfestarnir horfa til langs tíma. Það er góð staða til að halda áfram að efla fyrirtækið,“ segir Helgi.



KLAPPÍR

Klappir grænar lausnir hf.:

Boðun hluthafafundar 17. október 2019

Stjórn Klappa grænna lausna hf. boðar til hluthafafundar í félaginu á starfsstöð þess að Austurstræti 17, í fundarsal á 4. hæð, fimmtudaginn 17. október 2019, og hefst hann kl. 16:00.

Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

1. Tillaga stjórnar vegna samruna við Stika ehf.
2. Kosning stjórnar.
3. Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Stjórn mun leggja fram eftirfarandi tillögu vegna samruna við Stika ehf.:

Tillaga er gerð um að samruni Stika ehf., kt. 420392-2149, við Klappir grænar lausnir hf. verði staðfestur af hluthafafundi í samræmi við samrunaáætlun félaganna sem undirrituð var þann 31. maí 2019. Eins og fram kemur í samrunaáætlun stendur til að Klappir grænar lausnir hf. gefi út 7.891.378 nýja hluti í B-flokki hlutabréfa til eigenda Stika ehf. sem endurgjald vegna samrunans. Stjórn leggur því til að fundurinn samþykki samrunann og samhliða nauðsynlegar breytingar á samþykktum sem leiða af aukningu á hlutafé um 7.891.378 nýja B hluti.

Tillaga um kosningu stjórnar hefur að markmiði að fækka stjórnarmönnum úr sjö stjórnarmönnum í fimm stjórnarmenn og að skipun stjórnar samræmist reglum um góða stjórnarhætti, meðal annars um stærð og samsetningu stjórnar og að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Austurstræti 17, 5. hæð, tveimur vikum fyrir hluthafafund.

Öll gögn verða lögð fram fyrir hluthafa á síðunni www.klappir.is/fjarfestar.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað frá kl. 15.45. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í A-flokki hlutabréfa. B-hlutabréf hafa ekki atkvæðarétt.

Stjórn Klappa grænna lausna hf.

Skotsilfur



Kjarni Júpíters

Hluthafalisti Kjarnans lengdist í sumar þegar fjárfestarnir Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson bættust ásamt fleirum við hópin. Athygli vekur að **Jónas Reynir Gunnarsson**, sjóðsstjóri blandaðra sjóða hjá Júpiter dótturfélagi Kviku banka, er kominn með tæplega 2,4 prósentu hlut í fjölmiðlinum en hann og Þórður Snær Júlíusson ritstjóri munu vera gamlir vinir. Jónas Reynir hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 2006 og kemur því inn í hluthafahópinn með töluverða þekkingu á því sviði. Það kemur ekki að sök í því erfiðra rekstrarumhverfi sem fjölmiðlar búa við og Kjarninn hefur itrekað lýst í sínum miðli.



Gegnsæi eftirlitsins

Ríkisendurskoðun, sem **Skúli Eggert Þórðarson** leiðir, hefur það hlutverk að hafa eftirlit með fjármunum ríkisins. Hins vegar hefur verið erfitt að hafa eftirlit með stofnuninni sjálfri enda var það bara í síðustu viku sem hún birti ársskýrslu fyrir 2017 á vef sínum. Skýrslan hefur reyndar verið tilbúin í meira en ár en stofnunin mun hafa verið í basli með að setja hana á netið. Skýrslan fyrir 2018 hefur síðan tafist vegna þess að stofnunin réð nýjan endurskoðanda sem þurfti samþykki forsætisnefndar. Það náðist ekki í vor og þurfti því að biða fram til sumarloka.



Til Akta

Sigurður Kr. Sigurðsson, sem hefur starfað sem sjóðsstjóri hjá GAMMA Capital Management síðustu ár, mun taka til starfa hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Akta á næstunni en félagið er í eigu starfsmanna og Kviku banka sem fer með þriðjungshlut. Áður en Sigurður fór til fjármálafyrirtækisins GAMMA starfaði hann hjá MP banka og Seðlabanka Íslands.



Samkeppnin harðnar á veganmarkaðinum



Impossible Foods hefur hafið innreið sína á bandaríska smásölumarkaðinn en fyrirtækið framleiðir veganvörur sem eiga að líkjast kjöti hvað varðar ásýnd, áferð og bragð. Vörurnar eru nú komnar í hillur verslana en helsti keppinautur Impossible Foods er Beyond Meat sem er skráð á markað og er metið á 8,5 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega þúsund milljarða íslenskra króna. NORDICPHOTOS/GETTY

Dýpkun skuldabréfamarkaðar



Birgir Haraldsson sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance

Samhliða versnandi horfum í alþjóðahagkerfinu á þessu ári hafa langtímavextir á skuldabréfa mörkuðum hriðlækkað víðsvegar um heiminn og fjöldi seðlabanka keyrt stýrivexti niður. Þessa þróun má glögglega sjá í hlutdeild skuldabréfa í heiminum sem bera neikvæða vexti en hún hafði aukist í tæp 30% í lok ágúst úr 12% seint á síðasta ári, samkvæmt bandaríska fjárfestingarbankanum J.P.Morgan. Aldrei hefur þessi hlutdeild mælt hærrí áður en hún nær yfir 24 lönd, bæði iðnaðar- og nýmarkaðslönd, og meðal annars skuldabréf ríkja, opinberra stofnana og fyrirtækja. Vaxtagrunnur upp á 3,5% líkt og á Íslandi í dag er því „vara“ sem er að verða af skornum skammti á heimsvísu.

Í þessu ljósi er áhugavert að sjá að

þáttaka erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréfamarkaði er engu að síður við sögulegt lágmark um þessar mundir en samkvæmt markaðsupplýsingum Lánamála ríkisins áttu alþjóðafjárfestar eingöngu 14,6% af útistandandi ríkisskuldabréfum í ágúst. Þetta hlutfall var um tvöfalt hærra rétt fyrir innleiðingu innflæðishaftanna í júní 2016 en til samanburðar má nefna að nýlegar tölur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um hlutdeild erlendra fjárfesta í skuldum nýmarkaðsríkja í eigin gjaldmiðli sýna hana um 18% að meðaltali. Lönd eins og Pólland og Mexíkó standa í 30% (bæði voru í 40% fyrir fjórum árum), Suður-Afríka í 38%, Indónesía í 40% og Perú situr efst með hlutdeild erlendra fjárfesta í 44% (fór hæst í 57% í lok árs 2013).

Segja má að rýmið til að tvöfalda og jafnvel þrefalda þátttöku alþjóðafjárfesta í íslenskum skuldabréfum sé til staðar en það tryggir á engan hátt að slík þróun muni eiga sér stað. Helsta áskorunin er smæð markaðarins en heildarvirði allra íslenskra skuldabréfa samsvarar útistandandi skuldabréfaútgáfu bandaríska flugvélaframleiðandans Boeing (21 milljarðar Banda-



Rýmið til að tvöfalda og jafnvel þrefalda þátttöku alþjóðafjárfesta í íslenskum skuldabréfum er til staðar en það tryggir á engan hátt að slík þróun muni eiga sér stað.

rikjadala). Sömuleiðis myndi tvöföldun á þátttöku erlendra aðila í ríkisskuldabréfum eingöngu þýða innflæði upp á 800 milljónir Bandaríkjadala – upphæð sem sjóðsstjóri innan meðalstórs vogunarsjóðs í New York eða London stýrir. Vaxtagrunnur upp á 3,5% ætti því eingöngu að vera nauðsynlegt skilyrði til að vekja áhuga erlendra aðila í dag en ekki endilega nægjanlegt því að smæðin setur ákveðnar hömlur á íslensk skuldabréfatækifæri fyrir alþjóðafjárfesta.

Það er því einkar áhugavert að fylgjast með markaðnum fyrir íslensk fyrirtækjaskuldabréf um þessar mundir en ákveðnar sviptingar eru að eiga sér stað sem benda

til þess að útgáfa skuldabréfa fyrirtækja gæti aukist á komandi miss-erum. Nýverið í þessum miðli lýsti til að mynda bankastjóri eins af viðskiptabönkunum því yfir að fjármögnun stærri fyrirtækja myndi í auknum mæli leita út á skuldabréfamarkaðinn þar sem bankarnir væru ekki lengur samkeppnishæfir í kjörum til þessa hóps. Þessi þróun er nú hafin með skuldabréfaútgáfu Haga* í þessum mánuði og ef staflinn af bankalánum sem situr á efnahagsreikningum skráðra fyrirtækja myndi færast inn á skuldabréfamarkaðinn myndu stóðir hans styrkjast til muna.

Innlendir togkræftar fyrir alþjóðafjárfesta gætu því mögulega aukist ef fyrirtækjahluti skuldabréfamarkaðarins dýpkar í náinni framtíð á meðan markaðsaðstæður erlendis ættu að yta fjárfestum í fræknari landkannanir. Tíminn mun leiða í ljós hvort og hversu hratt þessi þróun á sér stað en það væri til mikils að vinna fyrir íslenskan skuldabréfamarkað ef fjölbreytileiki í fjárfestingarkostum og fjárfestahópnum myndi aukast.

*Arctica Finance sér um framkvæmd skuldabréfaútgáfu Haga.

Fjármálaráðherra líti sér nær

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson



Skot fjármálaráðherra á veitingamenn á dögunum var fyrir neðan beltsstað. Bjarni Benediktsson var þreyttur á umræðu um að áfengisgjald skýri hátt verð á áfengi hér á landi og fór opinberlega að agnúast út í að samkvæmt lauslegri athugun væri álagning á bjór á veitingastað 270 prósent.

Veitingastaðir eru litil fyrirtæki sem veita mikla þjónustu, oft í fallegum húsakynnum. Þjónn kemur til viðskiptavinarins, fær pöntun um bjór, hellir í glasið og kemur með það á borðið. Nokkru seinna er glasið þrifið.

Það má ekki líkja veitingahúsum við stórmarkað þar sem álagningin er lág því framlegðin fæst með því að selja mikið magn án þjónustu. Það er eðlilegt að álagning björglass sé jafnvel nokkur hundruð prósent enda þarf framlegðin að standa straum af miklum kostnaði; húsnæði, starfsfólki, sköttum, hagnaði

og björnum sjálfum. Ef um dýrari vöru væri að ræða með sömu þjónustu gæti álagningin verið minni.

Hvað varðar verðlag verður ekki fram hjá því litið að skattar hérlandis sem hlutfall af landsframleiðslu eru með þeim hæstu í OECD-rikkjunum og áfengisgjaldið er mun hærra en þekktist hjá öðrum ríkjum. Jafnvel þeim sem beita skattheimtu til að stemma stigum við ofneyslu áfengis. Áfengisgjaldið á bjór er tvöfalt hærra en í Svíþjóð þar sem álögurnar eru hæstar í Evrópusambandinu. Fjármunirnir sem standa undir háum skattgreiðslum

eru sóttir í vasa neytenda.

Rekstur veitingastaða í Reykjavík á undir högg að sækja. Laun hafa hækkað verulega sem meðal annars má rekja til launaskriðs opinberra starfsmanna. Til að bæta gráu ofan á svart eru skattar háir, til að mynda tryggingargjaldið sem eykur launakostnað og fasteignagjöld hafa hækkað verulega. Birgjar veitingastaða glíma að sjálfsgöðu við sama vanda sem setur þrýsting á innkaupsverð.

Svo haldið sé áfram að þusa um háa skatta má nefna að aka þarf björnum á veitingastaði en álögur

á bifreiðar og eldsneyti eru með því hæsta sem þekktist. Allt leggst þetta saman á eitt.

Eftir ferðamannasprengjuna er offramboð af veitingastöðum. Margir þeirra standa á braudfötum. Eigendurnir horfa því væntanlega fremur til þess að hækka verð eftir því sem veitingahúsum fækka í stað þess að lækka það.

Það væri því einfaldlega sanngjarnara eftirferðamannastjóri myndi lækka skatta almennilega í stað þess að röfla í barþjóni um hvað björglassið sé dýrt, eins og hann segist hafa gert.



HP PageWide

Ný kynslóð prentara



Afköst



Mikil afköst og hámarks upptími

Lágt blaðsíðuverð



Ódýrari litaprentun og frábær prentgæði

Öryggi



Varnir gegn árásum og reglulegar uppfærslur

Umhverfisvænir



Minni hylki, minna rusl og margfalt minni orkunotkun en í laserprenturum

HP PageWide fjölnotaprentarar Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP PageWide Pro prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.

95% minni rekstrarvara og úrgangur en ef um sambærilega laserprentara væri að ræða.



Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

Opin Kerfi
- allt er mögulegt

*nánar tilgreint í samningi.

Stjórnar- maðurinn



Ábyrgðarhluti

Því var slegið upp í Mannlífi um helgina að allt að áttatíu manns myndu missa vinnuna strax á mánuðeginum í umfangsmiklum skipulagsbreytingum hjá Arion banka. Nú er kominn miðvikudagur og ekkert hefur verið tilkynnt enn. Því er ljóst að Mannlíf hafði rangt fyrir sér, hið minnsta hvað varðar tímasetninguna.

Auðvitað liggur fyrir að breytingar eru í farvatninu hjá bankanum. Nýr bankastjóri hefur beinlínis sagt það opinberlega að arðsemi bankans sé óásættanleg. Það á enda ekki að vera sjálfstætt markmið banka í einkaeigu að vera mikill umfangs, hvort sem litið er til starfsemi eða starfsmannahalds. Megintilgangur banka sem skráður er á markað hlýtur að vera að ávaxta fé hluthafa, auk þess auðvitað að starfa í sátt og samlyndi við samfélag og umhverfi.

Það liggur sömuleiðis fyrir að allt of margir starfa í bankageiranum á Íslandi. Fyrir því eru ýmsar ástæður, bankarnir voru lengst af allir í ríkiseigu og því iðaldssamari í starfsmannahaldi og starfsemi en ella. Stærsta ástæðan er þó sennilega sú að í kjölfar hrunsins 2008 hefði einfaldlega ekki verið skynsamlegt að senda þúsundir bankamanna út á göturnar. Starfsmönnum í fjármálageiranum fækkaði því mun hægar og minna en efni stóðu til, miðað við þær breytingar sem urðu á starfsemiinni bókstaflega á einni nóttu.

Því er ekki nema eðlilegt og sjálf-sagt að nýir stjórnendur Arion banka ætli sér að ráðast í umfangsmiklar breytingar. Það mun bæði hafa áhrif á starfsmannahald til skamms tíma, en einnig á áherslur í starfsemiinni. Líklega er dag-skipunin að sækjast eftir færri en ábatasamari verkefnum. Veita þarf nýjum stjórnendum Arion svigrúm til að ráðast í nauðsynlegar breytingar. Þar mun ekki mannvonska ráða för, heldur eðlileg krafa um að reka hér hagkvæman banka. Allt samfélagið hefur beinlínis hag af því að hér sé rekið hagkvæmt bankakerfi sem styður við viðskiptalífið í landinu.

Það breytir því þó ekki að breytingar sem þessar eru alltaf þungbærar. Því vakti fréttin í Mannlífi, og einkum nákvæmar ágiskanir um fjölda þeirra sem kæmu til með að missa vinnuna, athygli. Ýmislegt bendir til þess að þar hafi í besta falli verið um upplýsta ágiskun að ræða. Ábyrgðarhluti, enda skal aðgát höfð í nærveru sálar.



Kjartan bætir við sig í Arnarlaxi

Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax, hefur aukið við hlut sinn í laxeldinu. Hlutur Gyðu, fjárfestingafélags hans, jókst úr 2,4 prósentum í 4,8 prósent. Þetta má lesa úr nýjum hluthafalista, sem er sá fyrsti sem birtist eftir að norski laxeldisrisinn SalMar eignaðist meirihluta í Arnarlaxi með kaupum á



Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax.

hlut í Arnarlaxi, samkvæmt hluthafalistanum.

Fjárfesting TM í Arnarlaxi skilaði tryggingafélaginu árlegri ávöxtun upp á riflega fimmtíu prósent, að því er fram í kom í fjárfestakynningu. Á sama tíma seldi Fiskisund, sem er í eigu Einars Arnar Ólafssonar, Höllu Sigrúnar Hjartardóttur og Kára Þórs Guðjónssonar, 8,4 prósent hlut fyrir 1,7 milljarða króna. – hvj

18.09.2019

Það er í raun fráleitt að Bandaríkstjórn blandi sér í íslensk innanlandsmál og setji þrýsting á hvaða birgja við notum. Ef við fylgjum því ekki, hvað þá?

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar



VR
FYRIRTÆKI
ÁRSINS
2019

Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

ALLIR SEM VERSLA
FÁ BÓK AÐ
GJÖF!

Rýmingarsala bókaútgefenda í Holtagörðum

Allt að 90%
afsláttur

Bækur frá
99 kr.



Opnunartími 10-18 alla daga vikunnar



Ripley's,
ótrúlegt en satt
Verð: 1.499 kr.




Þúsund og
ein þjóðleið
Verð: 2.499 kr.



Matarást
Verð: 2.990 kr.



Stiklað á stóru
um býsna margt
Verð: 490 kr.




Sveitin í sálinni
Verð: 1.990 kr.




Stelpur, geta allt
Verð: 490 kr.




Strákar
Verð: 490 kr.



Hver er þetta?
Verð: 490 kr.



Léttaleiðin
Verð: 499 kr.



Randalín og Mundi
í Leynilundi
Verð: 490 kr.

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1850 Fyrsta heildarlöggjöf um erfðir gengur í gildi á Íslandi, samkvæmt henni skulu dætur njóta sama réttar til arfs og synir.

1903 Íslandsbanki er settur á stofn.

1939 Bresk njósnaflugvél nauðlendir á Raufarhöfn.

1958 Varðskipin Óðinn og María Júlía taka fyrsta togarann við ólöglegar veiðar innan tólf mílna markanna nýju en sleppa honum aftur, að skipun dómsmálaráðuneytisins.

1975 Lagarfossvirkjun er vígð og við það tvöfaldast raforkuframleiðsla í Austfirðingafjórðungi.

2003 Jarðskjálfti sem mældist átta stig á Richter ríður yfir eyjuna Hokkaidó.

Viðhald menningararfs

Gunnar Bjarnason húsa-smíðameistari (1949-2014) var hagleiksmaður sem hafði einstaka þekkingu á fornum vinnubrögðum. Málþing í minningu hans verður haldið í dag.

Lífsstarf Gunnars var ótrúlega fjölbreytt, því ásamt venjulegum smíðum vann hann af ástríðu að viðgerð gamalla bygginga og gerð tilgátuhúsa,“ segir Málfríður Finnbogadóttir verkefnastjóri. Hún er í hópi fólks sem stendur að málþingi í Þjóðminjasafninu í dag milli klukkan 13.15 og 15.45, í minningu Gunnars Bjarnasonar húsa-smíðameistara. Hann lést fyrir fimm árum en hefði orðið sjötugur í ágúst síðastliðnum.

„Gunnar var vinur minn sem fór alltof fljótt. Ég er ekki smíður en heillaðist af miðaldavangaveltum hans og nákvæmni í öllu handbragði. Hann grúskaði mikið og vann að gerð tilgátuhúsa eins og Auðunarstofu á Hólum, Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal, Eiríkstaða í Dölum og Þórhildarkirkju á Grænlandi,“ segir Málfríður og nefnir að við slíka iðju hafi menn orðið að smíða sér öll verkfæri sem notuð voru. Hún tekur fram að málþingið sé þó ekki haldið einungis til að upphæfja Gunnar heldur líka til að vekja áhuga fólks á gömlu handbragði. „Okkar draumur er að ungt fólk taki við kyndlinum og beri hann áfram.“

Málfríður segir Gunnar hafa byrjað ungan að smíða og fylgjast með föður sínum, smíðnum Bjarna Ólafssyni, sem var stundum að vinna á vegum Þjóðminjasafnsins við að skoða húsaarfinn og dytta að honum. „Í Vestmannaeyjagönginum var safnkostur Eyjamanna sendur á Þjóðminjasafnið og Gunnar var settur í að rýma til fyrir honum. Þá hefur hann hönd á sverði frá 10. öld og ákveður að smíða sér þannig sverð og nota í það bilfjöldur úr rússajappa. Þetta varð tveggja ára vinna en sverðið varð svo flott að Þjóðminjasafnið fékk það sem sýningargríp. Hjóltun skreytti hann með silfri



Málfríður vill vekja áhuga fólks á gömlu handbragði. „Okkar draumur er að ungt fólk taki við kyndlinum og beri hann áfram,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

og kopar, hann steypti döggsjóinn að sænskri fyrirmynd, óf fetilinn og bjó til slíður. Þetta var fyrsta stykkið. Svo var hann fenginn til að vinna við Þjóðveldisbæinn sem Hörður Ágústsson teiknað sem tilgátubæ, þar kynntist Gunnar Norðmanni, fór svo til Noregs og bætti við sig þekkingu.“

Meðal verka sem Gunnar kom að er uppgerð á Nesstofu, Viðeyjarstofu og húsa í Vigur, að sögn Málfríðar. „Kristín

Sverrisdóttir, konan hans, fór í gegnum starfsdagbækurnar hans og það voru svona 120 verkefni úti um allt land sem hann kom að viðgerðum á, samt var hans aðalstarf að smíða fyrir Jón og Gunnu sem venjulegur smíður.“

Á málþinginu verður lítil sýning á smíðisgrípum Gunnars, dagbókum og myndröðum af viðgerðum sem Málfríður segir frábært kennslufni.

gun@frettabladid.is



Faðir minn,

Páll Grétar Lárusson

sjómaður, frá Lágafelli, Sandgerði, lést á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum 16. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Páll Pálsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sólveig Sigurðardóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 19. september. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 30. september kl. 13.00.

Ragnheiður Gunnarsdóttir
Jóhanna Gunnarsdóttir
Erla Gunnarsdóttir
Sigurður Gunnarsson

Ásgeir Kaaber
Hjörtur Jónsson
Ástþór Gíslason
Magnea Björk Ísleifsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Elskuleg móðir okkar,

Ruth Guðmundsdóttir

er látin.

Jarðsungið verður föstudaginn 27. september kl. 13.00 frá Frikirkjunni í Hafnarfirði. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja minningarsjóð Frikirkjunnar í Hafnarfirði

Guðmundur Ólafsson Eygló Kristín Gunnarsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir Newman
Elin Ólafsdóttir Baldvin Kristinsson
Arnlaugur Ólafsson Erla Björg Gardarsdóttir og fjölskyldur.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, stjúp dóttir, systir og stjúp systir,

Elin Magnadóttir

(fædd 13. júní 1964)

lést á Landspítalanum 20. september. Útför fer fram í Frikirkjunni í Reykjavík 1. október næstkomandi kl. 13.00.

Tryggvi Egilsson

Valgerður Tryggvadóttir Björgvin Ragnar Hjálmarsson
Þóris Tryggvadóttir
Magni Guðmundsson
Ingibjörg Magnadóttir
Rakel Marteinsdóttir
Petra Marteinsdóttir
Porvaldur Ingvarsson
Kristín Ingvarsdóttir
Sveinn Ingvarsson
Örn Hauksteinn Ingólfsson

Haldóra Anna Þorvaldsdóttir
Marteinn Þór Sigurðarson
Hrafnkell Ívarsson
Rúna Alexandersdóttir
Guðmundur Thoroddsen
Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
Ásdís Arna Björnsdóttir

ÞETTA GERDIST: 25. SEPTEMBER 2009

Eldur kviknaði í háalofti Höfða

Eldur kom upp í Höfða þennan mánadardag árið 2009. Borgarstjóri og dreifingarmenn dröfðu úr skrifstofum í Borgartúni og lögreglumenn lögðu hönd á plögin ásamt sendibilstjórum við að bera verðmæti út. Á meðan sinni slökkviliðið eldinum sem komið hafði upp á háaloftinu og tókst að ráða niðurlögum hans á um það bil klukkustund.

Talsverðar skemmdir urðu á ytra byrði hússins en öllu var bjargað innan úr því, meðal annars gestabók frá leiðtogafundi Reagans og Gorbatsjovs

árið 1986 og málverkum eftir þekktustu málara landsins. Fyrr um daginn hafði verið opið hús í Höfða til að minnast þess að hundrað ár voru liðin frá því fyrst var flutt inn í húsið.

Höfði var byggður á Félagstúni fyrir franska konsúlinn Jean-Paul Brillouin. Einar Benediktsson bjó þar um tíma og Matthías Einarsson læknir á öðru tímabili. En Höfði drabbaðist niður og var bústaður útingsmanna þegar Reykjavíkurborg gerði hann að mót-tökuhúsi sínu.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Yndislega dóttir okkar og systir,
Birta Hrund Ingadóttir

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 17. september. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. september kl. 15.

Áslaug María Gunnarsdóttir
Iða Brá Ingadóttir
Harpa Lind Ingadóttir

Sigurður Ingi Sigurðsson
Ann Sigurðsson
Hrólfur Sigurðsson
Nora Sigurðsson
Einar Sigurðsson



Innilegar þakkir til ykkar allra fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Magnúsar Stefánssonar

frá Fagraskógi.

Auður Björnsdóttir

Þóra Björg Magnúsdóttir
Stefán Magnússon
Björn Vilhelm Magnússon

Sigurður Heiðdal
Sigrún Jónsdóttir
Sigrún Ingvaldur Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



CITROËN

CITROËN 100 ÁRA! AFMÆLISTILBOÐ

AFMÆLISÚTGÁFA

CITROËN C3 AIRCROSS Origins Special Edition
Sjálfskiptur 1.2 bensín 110 hestöfl
Verðlistaverð með aukabúnaði 3.990.000 kr.
Afmælistilboð 3.590.000 kr.

HLADINN
AUKABÚNAÐI

400.000 KR.
AFSLÁTTUR



5
ÁRA
CITROËN
ÁBYRGÐ

AFMÆLISÚTGÁFA

CITROËN C4 CACTUS Origins Special Edition
Sjálfskiptur 1.2 bensín 110 hestöfl
Verðlistaverð með aukabúnaði 3.770.000 kr.
Afmælistilboð 3.370.000 kr.

HLADINN
AUKABÚNAÐI

400.000 KR.
AFSLÁTTUR



5
ÁRA
CITROËN
ÁBYRGÐ

500.000 KR.
AFSLÁTTUR



CITROËN C4 SPACETOURER FEEL
Sjálfskiptur 1.2 bensín 130 hestöfl
Verðlistaverð með aukabúnaði 4.300.000 kr.
Afmælistilboð 3.800.000 kr.

500.000 KR.
AFSLÁTTUR



CITROËN GRAND C4 SPACETOURER FEEL
Beinskíptur 1.2 bensín 130 hestöfl 7 sæta
Verðlistaverð með aukabúnaði 4.180.000 kr.
Afmælistilboð 3.680.000 kr.

7 MANNA!

300.000 KR.
AFSLÁTTUR



CITROËN C3 FEEL
Sjálfskiptur 1.2 bensín 110 hestöfl
Verðlistaverð með aukabúnaði 3.190.000 kr.
Tilboðsverð 2.890.000 kr.

5
ÁRA
CITROËN
ÁBYRGÐ

5 ÁRA
ÁBYRGÐ Á
ÖLLUM NÝJUM
CITROËN
BÍLUM*

300.000 KR.
AFSLÁTTUR



**NÝR
CITROËN C5 AIRCROSS FEEL SUV**
300.000 kr. kynningarafsláttur
8 þrepa sjálfskipting 1.5 dísil 130 hestöfl
Verðdæmi:
Aukabúnaður: málmlitur, bakkmyndavél, Grip Control spólvörn
Verðlistaverð með aukabúnaði 4.940.000 kr.
Kynningartilboð 4.640.000 kr.

5
ÁRA
CITROËN
ÁBYRGÐ

*forsendur 5 ára ábyrgðar er að finna á citroen.is

KOMDU SJÁÐU OG
REYNSLUAKTU CITROËN!

ÖRUGG GÆÐI CITROËN

INSPIRED
BY YOU



Origins
SIDAN 1919



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

CITROEN.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík



13 °C | 7 °C

Egilsstaðir



13 °C | 3 °C

Ísafjörður



11 °C | 4 °C

Kirkjubæjarkl



10 °C | 7 °C

Akureyri



15 °C | 2 °C

Hveravellir



8 °C | 6 °C

Birtir til norðvestan og vestanlands, en áfram dálítill væta sunnan- og austanlands. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast á Norðurlandi.

Fimmtudagur

Reykjavík



14 °C | 2 °C

Egilsstaðir



13 °C | 2 °C

Ísafjörður



12 °C | 1 °C

Kirkjubæjarkl



11 °C | 8 °C

Akureyri



13 °C | 2 °C

Hveravellir



9 °C | 2 °C

Föstudagur

Reykjavík



14 °C | 2 °C

Egilsstaðir



6 °C | 5 °C

Ísafjörður



6 °C | 3 °C

Kirkjubæjarkl



13 °C | 3 °C

Akureyri



8 °C | 2 °C

Hveravellir



8 °C | 7 °C

LÉTT

3	1			9	8				
								4	8
	2		3	5		6			
8			5		3			1	
	7				9	2	3		
		9	6	1					
			2	1		8			
	6						2	3	
			7	5					

MIDLUNGS

		7		1	3			9	
5			7				1		
	1		6					5	
	9	5	2					4	
		6	4				8		
3	7			5	1				
6					8				4
	5	9			7			8	
				6		9			

PUNG

5	8								
	6	1	3				7	2	
		2	8				3		
	1	6							7
9	7					3	2	4	
						5	9		1
6	2		9				4	5	
							8		
						3	4		9

Krossgáta

LÖRÉTT
 1 legu
 5 reiðihljóð
 6 sjúkdómur
 8 kroppur
 10 rusl
 11 miskunn
 12 íþrótt
 13 lasleiki
 15 heppnast
 17 box

LÓDRÉTT
 1 slampast
 2 hljóm sveit
 3 skip
 4 umfang
 7 kurteisi
 9 ávöxtur
 12 skófla
 14 yfirbreiðsla
 16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 stöðv., 5 urr., 6 ms., 8 líkamli, 10 líf., 11 náð., 12 ralli, 13 sien, 15 takast, 17 kassi.
 LÓDRÉTT: 1 sullast, 2 trío, 3 örk, 4 ummál, 7 síð-læti, 9 ananas, 12 reka, 14 læk, 16 ss.

Skák Gunnar Björnsson

Judovitsch átti leik gegn Ragosi í Tblisi í Georgíu árið 1937. Hvítur er manni yfir en virðist vera í alls konar vandræðum.

1. Rf5!! Dg5. 2. Dxd8+! Dxd8 3. Hc8! Dxc8 4. Bxg7+ Kg8 5. Bd5+ 1-0. Aron Þór Mai vann sigur í b-flokki Haustmóts TR. Bróðir hans, Alexander Oliver, stóð sig afar vel í a-flokki og gerði jafntefli við tvo stórmeistara. Aron fær keppnisrétt í a-flokki að ári.

Hvítur á leik




www.skak.is: Heimsókn Rimaskóla til Færeyja.

4	2	6	5	8	9	7	3	1	
1	3	8	6	4	7	2	5	9	
5	7	9	2	3	1	6	4	8	
6	4	1	7	9	8	3	2	5	
3	5	2	1	6	4	9	8	7	
8	9	7	3	2	5	4	1	6	
7	8	3	4	1	6	5	9	2	
2	1	5	9	7	3	8	6	4	
9	6	4	8	5	2	1	7	3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ZP ELSKAÐU LÍFIÐ ❤️
 WWW.ZALTPROPERTIES.COM

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ~ Lítil orka
- ~ Þróttleysi
- ~ Veik bein
- ~ Hormóna ójafnvægi
- ~ Svefntruflanir
- ~ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ~ Kölkun líffæra
- ~ Óreglulegur hjartsláttur
- ~ Kvíði
- ~ Streita
- ~ Þirringur

Mamma Veit Best
 HREIN HEILSA
 www.mammaveitbest.is

Að skapa ró

DANS

Pel

★★★★★

Katrín Gunnarsdóttir

Borgarleikhúsið

Búningar og sviðsmynd: Eva Signý Berger

Tónlist: Baldvin Þór Magnússon

Lýsing: Kjartan Þórisson

Dansarar: Elin Signý Weywadt Ragnarsdóttir, Erna Gunnarsdóttir, Ernesto Camilo Aldazabal Valdes, Halla Þórðardóttir, Sigurður Andrean Sigurgeirsson, Shota Inoue og Una Björg Bjarnadóttir



En kannski er Pel einmitt hárbeytt samfélagsrými, segir gagnrýnandi.

Það var kyrrð yfir Nýja sviði Borgarleikhússins þegar frumsýningargestir gengu í salinn föstudagskvöldið 20. september. Gagnsætt tjald úr finlegu efni hékk fyrir sviðinu en í gegnum það mátti sjá að tjöld úr sams konar textíl mynduðu fallega hálfmáanalaga umgjörð utan um sýningarrýmið. Lýsingin á sviðinu var gulleit og reykur lá í loftinu. Þannig mætti dansverkið Pel eftir Katrínu Gunnarsdóttur í flutningi Íslenska dansflokksins áhorfendum sínum á finlegan og hljóðlátan hátt.

Verkið hófst í fullkominni ró þar sem sviðsmynd Evu Signýjar Berger fékk að njóta sín, án hreyfinga og án hljóðs. Eftir stund í kyrrðinni kom dansari á sviðið utan úr baktjöldunum rétt eins og opnast hefðu álfheimar í íslenskri þjóðsögu. Fleiri dansarar fylgdu í kjölfarið og saman mynduðu þeir fallega mynd sem smátt og smátt byrjaði að hreyfast. Andrúmsloftið var draumkennt eins og af öðrum heimi. Hreyfingar dansaranna einkenndust af mýkt og hlýju alla sýninguna.

Seiðandi upplifun

Framvinda verksins sem fólst í þróun hreyfinga hópsins var röleg en markviss. Rýmið var nýtt á fallegan hátt og tengsl dansaranna breyttust í ýmsar áttir með eða án snertinga. Heildaráferð sýningarinnar var þó alltaf sú sama, fingerð og viðkvæm. Lýsingin lék stórt hlutverk í sköpun blæbrigða verksins. Hún skilaði hlutverki sínu vel nema ef vera mætti að guli tónninn gerði að verkum að litasettingin í tjöldunum og búningunum fékk ekki notið sín til fulls.

Til að ná hughrifum verksins nýtir Katrín kyrrstöðu og þagnir á áhrifaríkan hátt. Þannig voru upphafsminúturnar brothættar því að engin var tónlistin og kyrrstaða nýtt sem andstæða við hreyfingar. En allt gekk þetta upp og fleytti áhorfandanum ljúflega yfir á öldur hljóðheimsins sem bættist að

lokum við heildarupplifunina. Tónlistin, sem í minningunni byggðist mest á eintóna rauli, magnaði seiðandi upplifunina af verkinu. Hún smaug inn í taugakerfið svo ekki var annað hægt en að slaka á. Fyrir þreyttar sálir gat svefninn læðst að.

Samskipti og tengsl

Katrín talar um að í verkinu sé hún meðal annars að skoða samskipti og viðkvæmar tengingar á milli fólks. Hún rannsakar hvernig hópur getur fléttast saman með eða án snertingar og myndað mismunandi stig líkamlegrar nálægðar. Ferlið krafðist því mikillar líkamlegrar hlustunar, samvinnu og trausts á milli dansaranna sem greinilega var til staðar hjá dönsurum Íslenska dansflokksins. Katrín vill með verkinu gefa áhorfendum tækifæri til að upplifa ró og vinarþel í gegnum alhliða skynjun og tókst henni þar vel upp.

Hennar markmið er að láta fólki líða vel en ekki að færa því frásögn eða beitta samfélagsrými. En kannski er Pel einmitt hárbeytt samfélagsrými vegna þess að verkið undirstrikar það sem kallað hefur verið kvenleg gildi, oft tengd við veikleika, eins og mýkt, högværð og viðkvæmni í stað karllægari framsetningar efnis með átökum og dramatísku risi. Það er að minnsta kosti athyglisvert að frumsýningin var kvöldið eftir að Metoo-ráðstefnunni lauk í Hörpu þar sem konur ítrekuðu kröfur sínar um að vond samskipti þar sem gengið væri yfir þeirra mörk á niðurlægjandi og meiðandi hátt ættu ekki að líðast. Samskipti og tengsl eins og birtust hjá dönsurunum í verkinu þori ég að fullyrða að þættu eftirsóknarverðari í daglegum samskiptum manna á milli.

Sesselja G. Magnúsdóttir

NIÐURSTADA: Pel er sterk heildarupplifun sem veitir ró og von um betri veröld.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

25. SEPTEMBER 2019

Hvað? Háskólatónleikar
Hvenær? 12.30
Hvar? Litla torgið, Háskóla Íslands
Sextett Ásgeirs Ásgeirssonar flytur íslensk þjóðlög með austurlenskum áhrifum.

Hvað? Útgáfutónleikar
Hvenær? 20.00
Hvar? Edinborgarhúsið, Ísafjörður
Píanóleikarinn Ingi Bjarni Skúla-son kynnir plötuna Tenging.

Hvað? Beygingarlýsing íslensks nútímamáls
Hvenær? 15.30
Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg
Kynning á endurnýjðri vefsíðu.

Hvað? Birtingarmyndir smárikja í alþjóðastjórn málum – málþing
Hvenær? 12.20-13.30
Hvar? Norræna húsið, Vatnsmýrinni

Hvað? Heimsfrumsýning myndar
Hvenær? 20.00
Hvar? Bíó Paradís, Hverfisgötu 52
Hugleikur Dagsson ferðaðist um Evrópu vorið 2019 með uppistand sitt, Son Of The Day.

Hvað? Minjaganga um Garðahverfi
Hvenær? 18
Hvar? Garðakirkja
Rúna K. Tetzschner leiðir gesti.

Hvað? Sönglög eftir Rachmaninov og Tchaikovski
Hvenær? 20.00
Hvar? Harpa – Norðurljós
Baritónsöngvarinn Andrey Zhilikhovsky syngur við undirleik Bjarna Frimanns.

Volkswagen e-Golf

Skiptu yfir í rafmagnsbíl

Tilboðsverð frá
3.790.000,-



Ódýrari & 100% rafmagnaður

Volkswagen e-Golf kemur þér lengra. Þú nýtir hreina innlenda orku, tekur aldrei eldsneyti, ert laus við olíuskipti og upplifir magnaðan akstur. Stökktu inn í framtíðina með Volkswagen e-Golf – 100% rafmagnsbíl.

www.hekla.is/volkswagensalur



5
ÁR
ÁBYRGÐ
HEKLU

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



Ertu með RÚV-appið?



Fyrir þig þegar þér hentar

Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í öllum miðlum, í beinni og spilara, allt á einum stað.



okkar allra



Undankeppni EM kvenna í handbolta



Króatía – Ísland

í dag kl. 15.50

bein útsending

Ísland – Frakkland

sunnudag kl. 15.30

bein útsending



okkar allra

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

- 12.35 Kastljós
- 12.50 Menningin
- 13.00 Útsvar 2017-2018 Fjötsdalshérað - Rangárbing ytra
- 14.15 Heilsa og lífsstíll Offita, mataræði, hreyfing Ný íslensk fræðslumynd í tveimur hlutum um áhrif lífsstíls á heilsufar manna, en á undanförunum árum hefur áherslan á heilbriggt lífveri vegið æ þyngra í baráttunni við ýmsa sjúkdóma. Dagskrárgerð: Páll Kristinn Pálsson og Aðalgeir Gestur Vignisson. e.
- 14.50 Króníkan
- 15.50 Króatía - Ísland Bein útsending frá leik Króatíu og Íslands í undankeppni EM kvenna í handbolta.
- 17.45 Tákn málsfréttir
- 17.55 Disneystundin
- 17.56 Timon & Pumba
- 18.18 Sigildar teiknimyndir
- 18.25 Liló og Stitch
- 18.50 Krakkafréttir
- 18.54 Vikinglotta
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.00 Með okkar augum Í sjötta og síðasta þætti eignum við upplýsandi samtali við nýjan landlækni Íslendinga sem leggur meðal annars áherslu á heilbrigði og góðan svefn, kynnumst kraftakonunni Maríu Sigurjónsdóttur sem ætlar sér langt í sinni grein, heyrum af uppistandssýningu þar sem fatlaðir troða upp og fljúgum með þyrlu.
- 20.35 Lífsstíll og heilsa – Streita, svefninn, geðrækt
- 21.05 Á önglinum Finnsk glæpaþáttaröð um fíkniefnalögreglumanninn Oskari sem fær óvænt heimsókn frá barnsmóður sinni, Kristu, sem hann hefur ekki séð í sextán ár. Krista er fyrrverandi eiturlyfjafíkill og kunnug undirheimum Helsinki og þau komast að leynilegu samkomulegi um að hjálpa hvort öðru. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Jussi Nikkilä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Saga Alþjóðaknattspyrnu-sambandsins Heimildarmynd um spillingu innan Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA. Í myndinni er saga sambandsins rakin og fjallað um hvernig lítill sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 1904 varð að spilltum alþjóðasamtökum.
- 23.20 Króníkan
- 00.20 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Sanderson Farms Championship Útsending frá Sanderson Farms Championship á PGA mótaröðinni.
- 11.00 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
- 11.50 BMW PGA Championship Útsending frá BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
- 16.50 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
- 17.40 BMW PGA Championship Útsending frá BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
- 22.40 Champions Tour Highlights Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 The Late Late Show
- 10.15 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.50 Single Parents
- 14.15 Ást
- 14.50 90210
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Late Late Show
- 19.00 America's Funniest Home Videos
- 19.20 The Good Place
- 19.45 American Housewife
- 20.10 George Clarke's Old House, New Home
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 The Fix
- 22.35 Charmed
- 23.20 The Late Late Show
- 00.05 NCIS
- 00.50 The Loudest Voice
- 01.45 The Passage
- 02.30 In the Dark
- 03.15 The Code

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Tónlist frá A til Ö
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Samtal Dagný Kristjánsdóttir
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Stormsker
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.40 Kvöldsgagan. Svipir dagsins og nótt
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.00 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.20 Snowden
- 08.30 A Quiet Passion
- 10.35 Wonder
- 12.25 Leave No Trace
- 14.10 Snowden
- 16.20 A Quiet Passion
- 18.25 Wonder
- 20.15 Leave No Trace
- 22.00 Page Eight
- 23.45 Aftermath
- 01.20 Lincoln
- 03.45 Page Eight

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.25 Friends
- 07.50 Gilmore Girls
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Mom
- 09.55 The Last Man on Earth
- 10.20 Arrested Development
- 10.55 God Friended Me
- 11.45 Bomban
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Lóa Pind. Bara geðveik
- 13.30 I Own Australia's Best Home
- 14.20 The Great British Bake Off
- 15.20 Einfalt með Evu
- 15.40 Born Different
- 16.10 Seinfeld
- 16.35 Stelpurnar
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakinn
- 19.25 Vikingalottó
- 19.30 First Dates
- 20.20 Ísskápastríð
- 20.55 Heimsleikarnir í Crossfit.
- Leiðin á toppinn
- 21.25 Wentworth
- 22.15 Room 104
- 22.45 Góðir landsmenn
- 23.15 Burðardýr
- 23.45 Mr. Mercedes
- 00.50 Alex
- 01.35 Warrior
- 02.25 Silent Witness
- 03.15 Silent Witness
- 04.10 Sandhamn Murders

STÖÐ 3

- 19.10 Mom
- 19.35 The Big Bang Theory
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.50 Splitting Up Together
- 21.15 Roswell, New Mexico
- 22.00 Shetland
- 23.00 Underground
- 23.55 Réttur
- 00.40 The Big Bang Theory
- 01.00 Mom
- 01.25 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.15 Evrópudeildarmörkin
- 08.05 Lazio - Parma
- 09.45 Barcelona - Villarreal
- 11.25 Football League Show
- 11.55 Pepsi Max deild karla
- 13.35 Colchester - Tottenham
- 15.15 Arsenal - Nottingham Forest
- 16.55 Preston - Manchester City
- 18.35 MK Dons - Liverpool
- 20.45 Pepsi Max Mörk karla
- 22.25 Mallorca - Atletico Madrid
- 00.05 Real Madrid - Osasuna

STÖÐ 2 SPORT 2

- 16.50 Mallorca - Atletico Madrid Bein útsending.
- 18.55 Manchester United - Rochdale Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 3

- 18.35 Chelsea - Grimsby Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.

STÖÐ 2 SPORT 4

- 18.50 Real Madrid - Osasuna Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.

STÖÐ 2 SPORT 5

- 18.55 Inter Milan - Lazio Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.



okkar allra

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Skál fyrir hollustu



SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI HEILSUINNISKÓR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

RAUÐIR STÆRDIR: 37-42
BLÁIR STÆRDIR: 36-42
BLEIKIR STÆRDIR: 35-42
LJÓSIR STÆRDIR: 35-42
GRÁIR STÆRDIR: 35-47

FULLT VERÐ: 7.900 kr.

5.925 kr.

25%

AFMÆLISAFSLÁTTUR
GILDIR TIL 12. OKTÓBER

HÖFUM LAGT GRUNN AD GÓÐUM DEGI Í

25 ÁR

BARA Í BETRA BAKI

RAUÐIR, BLÁIR, BLEIKIR, LJÓSIR OG GRÁIR

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRÁ nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárrí, ljósri, blárrí, bleikri eða rauðri merínóull. **Komdu og prófaðu!**




5 reflex zones

BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDD-
INNLEGG ÚR LEDRI

ÖRVUN MED SVÆÐANUDDINNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK



Spunamamma Dóra hefur ákveðið að draga sig í hlé sem listrænn stjórnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nærast á hlátrinum

Dóra stígur til hliðar sem listrænn stjórnandi Improv Ísland og Guðmundur tekur við. Í kvöld fer fram fyrsta sýning haustsins.

Dóra Jóhannsdóttir leikkona stofnaði Improv Ísland fyrir fimm árum. Hún kynntist Guðmundi Felixsyni fyrir sex árum, þegar hann heimsótti New York. Dóra viðraði þá hugmynd sína um að stofna improv-hóp héraðs, en spunaleikhúsið er gífurlega vinsælt í New York. Fimmta leikar Improv Ísland hefst í kvöld í Þjóðleikhúskjallaranum.

Leyfði þeim ekki að sýna strax

„Ég var ein að kenna fyrst um sinn og leyfði þeim ekki að sýna. Fyrst voru þetta bara námskeið. Fyrsta sýningin var ekki fyrir en einu eða tveimur árum eftir að við byrjuðum,“ segir Dóra.

Hún segist hafa verið stressuð yfir að sýna og að fólk þætti þetta glatað og kæmi ekki aftur.

„Ég vildi að þau myndu æfa sig og verða góð. Svo þegar mér fannst þau vera orðin góð, þá leyfði ég þeim loksins að sýna,“ segir Dóra.

„Ég hef verið listrænn stjórnandi hópsins frá upphafi, sem er smá eins og leikstjóri. Núna ákvað ég að stíga til hliðar og leyfa einhverjum ungum og upprennandi eins og Gumma að taka við,“ en það er Guðmundur Felixson sviðshöfundur sem tekur við af Dóra.

Spunamamma verður spunapabbi

Dóra segir improv vera grasrótargreyfingur sem er og verður eiginlega alltaf slík.

„Við erum eiginlega að ala upp unga grínista. Það er alltaf að koma nýtt og nýtt fólk í hópinn. Þetta er og verður alltaf smá hrátt, það er alltaf ný sýning. Við erum aldræi að gera það sama. Svo langaði mig líka til að setja frá mér þessa ábyrgð til þess að geta skemmt mér og spunnid á sviðinu.“

Dóra mun því áfram taka þátt í

**DÓRA HEFUR NÁTT-
ÚRULEGA VERIÐ SMÁ
EINS OG SPUNAMAMMA OKKAR
ALLRA SÍÐASTA HÁLFA ÁRA-
TUGINN. NÚ ÞARF ÉG AÐ VERA
SPUNAPABBI ALLRA VINA
MINNA SEM HAFI MARGIR
VERIÐ JAFN LENGI Í ÞESSU OG
ÉG.**

**VIÐ VILJUM HALDA
ÞESSU LIFANDI,
ÞANNIG AÐ ÞETTA SÉ ALLTAF
FERSKASTI SPUNAHÓPURINN.
ÞETTA ER SMÁ EINS OG Í
ÍÞRÓTT, MAÐUR ÞARF AÐ ÆFA
SIG STANSLAUST.**

sýningum, en þá undir listrænni stjórn Guðmundar. Er það ekkert stressandi hlutskipti fyrir Guðmund, að fara nú að segja nokkurs konar lærimeistara sínum í faginu til?

„Nú er ég tekinn við, sem er mjög skrytið en líka mjög skemmtilegt. Dóra hefur náttúrulega verið smá eins og spunamamma okkar allra síðasta hálf áratuginn. Nú þarf ég að vera spunapabbi allra vina minna sem hafa margir verið jafn lengi í þessu og ég,“ svarar Guðmundur hlajandi.

Þau eru bæði sammála um að partur af spananáminu sé líka að læra að taka gagnrýni.

„Maður lærir að taka egóid út fyrir samhengið. Þetta er bara tækni,“ segir hann.

Ekki bara bóla

Von þeirra beggja er að improv festi

sig virkilega í sessi héraðs, líkt og það hefur gert erlendis. Í mörgum af stærstu borgum Bandaríkjanna eru víðþekktir spunahópar.

Margir af þekktustu grínistum heims hófu feril sinn í spunaleikhúsi, má þar nefna Will Ferrell, Tinu Fey, Ed Helms, Aubrey Plaza, Kristen Wiig, Steve Carrell og Donald Glover.

„Þegar ég var að byrja með þetta sögðu margir í kringum mig: „Já, þetta er svona skemmtileg bóla sem er í gangi núna.“ Alls staðar annars staðar hefur það verið starfandi og gengið vel í tugi ára. Þannig að ég var alltaf að vona að það reyndist ekki rétt og núna fimm árum síðar er maður farinn að trúa að þetta sé alls ekki bóla,“ segir Dóra.

Guðmundur er sammála um að viðhorfið til spunans sé smátt og smátt að breytast. „Úti í heimi er improvið smá rót alls góða grínsins sem er í gangi. Ég finn fyrir að það sé líka að byrja að gerast héra heima. Maður sér að fólk sem kemur úr Improv Ísland er byrjað að hafa áhrif í grínsenunni,“ segir Guðmundur.

Halda sér í æfingu

Allir þurfa að fara í þrúfur á hverju leikári hjá hópnum. Dæmi eru um að einstaklingar detti inn og út en komi svo aftur að ári og reyni á nýjan leik.

„Við viljum halda þessu lifandi, þannig að þetta sé alltaf ferskasti spunahópurinn. Þetta er smá eins og í íþrótt, maður þarf að æfa sig stanslaust og alltaf í æfingu. Svo eigum við eignum öll það sameiginlegt að við nærumst á hlátrinum,“ segir Guðmundur.

Fyrsta sýning haustsins hjá Improv Íslands er í kvöld, en miðar fást á tix.is og við hurð. Hópurinn er svo með sýningu vikulega í vetur, alltaf á miðvikudögum í Þjóðleikhúskjallaranum.

steingerdur@frettabladid.is

LÍFIÐ ER Á FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is, FOLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FOLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir guðruninga@frettabladid.is

EF RÚV FER AF AUGLÝSINGAMARKAÐI

AUKNIR SKATTAR OG FÆKKUN STARFA

Með því að taka RÚV af auglýsingamarkaði hverfur ein mikilvægasta og áhrifaríkasta leið auglýsenda til að koma upplýsingum til neytenda. Ríflega tveggja milljarða króna innspýtingu af skattfé þarf til að bæta RÚV tapið. Þá er hvorki talið með tapið sem hlýst af stórsköðuðum framleiðsluþnaði né fækkun starfa í skapandi greinum.

Við viljum styðja íslenska framleiðslu – ekki stúta henni

BAKPANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Belja án rassgats

Fjármálaráðherra fannst nóg um verðið þegar hann keypti sér bjór á einu af mörgum gæðahótelum borgarinnar um þarsíðustu helgi. Verðið er sannarlega hátt miðað við útlönd, en skodum nokkur atriði sem eru þarna á bak við.

Í fyrsta lagi er skattheimta hins opinbera á Íslandi ein sú hæsta í heimi, eða 34% aflandsframleiðslu. Þar er Ísland heimsmeistari ásamt Dönum og Svíum. Hótelilið þarf að greiða áfengisgjald, virðisaukaskatt, tryggingagjald, fasteignagjöld og, ef eitthvað er eftir, tekjuskatt. Bara fasteignagjöldin af einu stóru gæðahóтели í Reykjavík geta árlega verið hátt í 80 milljónir.

Í öðru lagi leggja gæðahótelin á Íslandi sig fram um að vera með menntað fólk í þjónustu og eldhúsi. Þau sinna einnig vel þjálfun nema sem fara svo oft til starfa á öðrum veitingastöðum og hótelum um allt land. Þótt menntun sé að meginstofni til ókeypis á Íslandi þá getur það verið kostnaðarsamt að vera með fjölda iðnnema í læri. Þau sem reka þetta tiltekna gæðahótel hafa einmitt fengið verðlaun fyrir sitt framlag til menntamála.

Í þriðja lagi eru laun há á Íslandi. Hér eru greidd önnur hæstu meðallaun í heimi og þriðju lágstu lágmarkslaun í heimi. Varla viljum við breyta því? Þjónn sem er útlærður í framreiðslu er þannig með ágætis tímakaup að skenkja bjór á laugardagskvöldi. Svo má ekki gleyma að stór hluti launa sem honum eru greidd rennur í ríkissjóð.

Það er ekki laust við að gamalt, en ekkert sérstaklega smekklegt, máltæki komi í huga: Þar skeit beljan sem ekkert hefur rassgatið.

Verð áður: 1.990
990 KR/KG
GOTTERÍ
Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER GOTTERÍ
50% AFSLÁTTUR
FIM-SUN
GOTTERÍ
Verð áður: 1.990
990 KR/KG
Kvikk
ON THE GO



Á skalanum 1–10 fær þessi iPhone 11

Tryggðu þér iPhone 11 í forsölu*



*Takmarkað magn í boði.

vefverslun.siminn.is



Pay Léttkaup

Borgaðu með Síminn Pay og dreifðu greiðslunum allt að 36 mánuði

App Store Google play

